



2. hefti TÍMARIT, 3. árg  
**LÖGRETTU**

Félags laganema við Háskólann í Reykjavík

MAT Á VARANLEGUM AFLEIÐINGUM  
LÍKAMSTJÓNA

E

EFTIR Dr. Guðmund Sigurðsson

EVRÓPSKUR SAMNINGARÉTTUR

F

EFTIR Dr. Matthias Geir Pálsson

AÐFERÐIR TIL AÐ TAKMARKA  
TVÍSKÖTTUN

G

EFTIR Gunnar Gunnarsson og  
Jón Elvar Guðmundsson



Dr. Matthías Geir Pálsson,  
lögfræðingur hjá utanríkisráðuneytinu og aðjúknt  
við lagadeild Háskólans í Reykjavík

# EVRÓPSKUR SAMNINGARÉTTUR

*Þróun, staða og framtíð*

|   |     |
|---|-----|
| I INNGANGUR   | 122 |
| 2 HUGTAKIÐ EVRÓPSKUR SAMNINGARÉTTUR   | 122 |
| 3 ÍSLENSKUR SAMNINGARÉTTUR – NORRÆNN SAMNINGARÉTTUR   | 123 |
| 4 EVRÓPSK ÁHRIF Á ÍSLENSKAN SAMNINGARÉTT  | 124 |
| 4.1 Bein evrópsk áhrif á íslenskan samningarétt   | 124 |
| 4.2 Óbein evrópsk áhrif á íslenskan samningarétt  | 124 |
| 4.3 Endalok norrænnar samvinnu á sviði samningaréttar?  | 125 |
| 5 LAGASKILAREGLUR – VAL Á LANDSRÉTTARREGLUM   | 126 |
| 6 FÖRFIN Á EVRÓPSKUM SAMNINGARÉTTI  | 127 |
| 7 KOSTIR OG GALLAR SAMRÆMDS SAMNINGARÉTTAR  | 128 |
| 8 SAMRÆMINGARVERKEFNI Á SVIÐI ALMENNIS SAMNINGARÉTTAR Í EVRÓPU                                  | 130 |
| A) Lagasetningarverkefni  | 130 |
| 1) Meginreglur evrópsks samningaréttar (PECL)   | 130 |
| Upptruni PECL   | 131 |
| Innihald PECL   | 131 |
| 2) Evrópska samningalagabálksverkefnið  | 132 |
| B) Ræktunarverkefni   | 132 |
| 1) Samkjarnaverkefnið í Trento  | 133 |
| 2) Evrópska dæmabókaverkefnið   | 133 |
| C) Önnur fræði- og rannsóknaverkefni á sviði evrópsks samningaréttar                            | 134 |
| 1) Félag um evrópskan samningarétt - SECOLA   | 134 |
| 2) Acquis-verkefnið   | 134 |
| 3) European Review of Contract Law  | 135 |
| 9 AFSTAÐA EVRÓPUSAMBANDSINS OG AÐGERÐIR Á SVIÐI EVRÓPSKS SAMNINGARÉTTAR                         | 135 |
| A) Orðsending Framkvæmdastjórnarinnar 2001 - Er samningaréttur vandamál í ESB?                  | 135 |
| B) Orðsending Framkvæmdastjórnarinnar 2003 - Aðgerðaáætlun                                      | 137 |
| C) Orðsending Framkvæmdastjórnarinnar 2004 - Framkvæmdaáætlun                                   | 138 |
| D) Stöðuskyrsla Framkvæmdastjórnarinnar 2005  | 139 |
| Sameinað fræðinet á sviði evrópsks einkaréttar  | 139 |
| 10 HVERT STEFNIR EVRÓPUSAMBANDIÐ?   | 140 |
| A) Valkvæðar eða bindandi evrópskar samningaréttareglur?  | 141 |
| B) Hvvers viðtækar verða samningaréttarreglur ESB?  | 141 |
| C) Reglugerð Evrópusambandsins um hvaða lög eiga að gilda um samningaréttarlegar skuldbindingar | 142 |
| II ALPJÓÐLEGUR SAMNINGARÉTTUR   | 142 |
| A) Sáttmáli Sameinuðu þjóðanna um samninga um sölu á vörum milli ríkja frá 1980 - CISG          | 142 |
| B) UNIDROIT meginreglur alþjóðlegra viðskiptasamninga   | 143 |
| 12 FRAMTÍÐARÁHRIF EVRÓPSKS SAMNINGARÉTTAR Á ÍSLANDI   | 144 |
| 13 LOKAORD  | 145 |

## 1. INNGANGUR

Öll verslun og viðskipti, hvort sem er í Evrópu eða annars staðar, byggjast á samningum. Skýrar, traustar og skilvirkar samningaráttarreglur geta skipt lykilmáli varðandi árangur á þessu sviði, á sama hátt og óhentugar eða flóknar samningaráttarreglur geta verið dragbitur á eðlileg viðskipti og verslun.

Ein af grunnhugsjónunum sem Evrópska efnahagssvæðið (hér eftir EES) byggir á er að verslun og viðskipti innan þess svæðis séu frjáls og hindrunarlaus. Innan Evrópusambandsins (hér eftir ESB) og hjá EES ríkjunum eru í dag til staðar 28 mismunandi landslög um samningaráett. Því hefur verið haldið fram að tilvist svo margra ólíkra reglna um samninga innan sama markaðssvæðis fylgi vandamál, fyrir höfn og kostnaður sem geti virkað hindrandi á verslun og vöruflöði innan EES.

Síðustu árin hefur verið reynt að finna lausn á framangreindum vandamálum. Helstu hugmyndin sem unnið hefur verið að er gerð eða setning samningareglна sem yrðu sameiginlegar fyrir öll aðildarríki ESB. Sameiginlegar evrópskar samningaráttarreglur gætu einfaldað og þar með aukið viðskipti innan ESB og EES og nú er svo komið að nokkur fjöldi sjálfstæðra fræði- og rannsóknarverkefna er eða hefur verið í gangi á þessu rannsóknarsviði á undanförnum árum. Evrópusambandið hefur einnig á síðustu 5-6 árum sýnt þessum hugmyndum og verkefnum vaxandi áhuga og á þess vegum eru nú í gangi nokkur ný verkefni á þessu sviði.

Tilvist sameiginlegs evrópsks samningaráttar gæti haft stórfeldl áhrif á EES svæðinu og því þurfa íslenskir lögfræðingar að fylgjast með þróun, stöðu og framtíð þessa sviðs og þeirra verkefna sem í gangi eru. En fjöldi þeirra og fjölbreytileiki er hins vegar slíkur að erfitt getur verið að fá heildarsýn yfir þau. Tilgangur þessarar greinar er að veita

slíka heildarsýn. Í henni verður gerð grein fyrir helstu hugmyndum, fræðiverkefnum og þróun á þessu sviði og þeim fræðilegu aðferðum sem verkefnin byggjast á. Einig verður fjallað um aðkomu ESB að þessu starfi, tengsl evrópsks samningaráettar við alþjóðlegan samningaráett utan Evrópu og stuttlega spáð í hvaða áhrif tilvist evrópsks samningaráttar kynni að hafa á Íslandi.

Tekið skal fram að sum af þeim verkefnum sem lýst verður hér á eftir eru víðfeðm og ítarleg og verður ekki lýst að gagni nema með umfangsmikilli umfjöllun. Af þeim sökum verður stutt lýsing á hverju verkefni að duga að þessu sinni en nákvæmari efnislega umfjöllun um einstök verkefni og samanburður þeirra við íslenskan rétt að biða betri tíma.

## 2. HUGTAKIÐ EVRÓPSKUR SAMNINGARÉTTUR

Til skamms tíma hefur hugtakið „evrópskur samningaráttur“ ekki haft nákvæma og afmarkaða merkingu. Það hefur í það minnsta ekki falið í sér *fræðilega tilvísun*, þ.e. í ákveðnar samningaráttarreglur en hefur frekar falið í sér *svæðisbunda tilvísun*, verið notað sem samheiti yfir samningaráett þjóða í Evrópu, annað hvort í heild eða í einstökum löndum. Samkvæmt þessum skilningi væri t.d. breskur eða franskur samningaráttur eðlilega talinn evrópskur samningaráttur á sama hátt og hin samnorræni samningaráttur Norðurlandanna myndi flokkast sem evrópskur samningaráttur.

Á síðustu árum hefur hins vegar komið fram önnur merking hugtaksins. Sú merking er afleiðing síaukins samstarfs og samvinnu á ýmsum réttarsviðum í Evrópu, en hluti af þeiri þróun er umræða og hugmyndir fræðimanna síðustu two áratugina um að samræma samningaráett aðildarlanda ESB. Í þeiri umræðu hefur hugtakið „evrópskur samningaráttur“ öðlast aðeins aðra merkingu, því hugmyndirnar miða að sam-

evrópskum samningarátti.<sup>1</sup> Þar væri um að ræða samningaráttarreglur sem væru sameiginlegar fyrir mörg lönd, annað hvort sem reglur sem myndu gilda í samskiptum milli ESB ríkja á grundvelli vals eða lagaskyldu. Jafnvel væri hugsanlegt að þær myndu leysa hefðbundnar samningaráttarreglur hvers lands af hólmi og koma alfarið i þeirra stað. Slikum reglum yrði að likindum komið á fyrir tilstilli ESB en það er þó ekki nauðsynlegur hluti af skilgreiningu hugtaksins.

Reyndar er hugtakið stundum notað í þriðju merkingunni, þ.e. sem löggjöf ESB sem tengist samningarátti.<sup>2</sup> Skýrara virðist þó að nota annað hugtak yfir þessu merkingu, þ.e. „samningaráttur Evrópusambandsins“ eða „ESB samningaráttur.“<sup>3</sup>

Í rannsóknar- og fræðiverkefnum á þessu svíði er hugtakið aðallega notað í annarri merkingunni hér að ofan en einnig í þriðju merkingunni.<sup>4</sup> Stundum virðast þessi hugtök einnig notuð jafnhliða<sup>5</sup> svo hugtakanotkunin getur verið nokkuð villandi. Við umfjöllun eða athugun á þessu efni ætti samt sem áður að hafa í huga þennan greinarmun því þótt rætt sé um „evrópskan samningarátt“ er hugsanlega verið að vísa til ólíkra reglusetta skv. ofangreindu.

### 3. ÍSLENSKUR SAMNINGARÉTTUR – NORRÆNN SAMNINGARÉTTUR

Samkvæmt hefðbundinni flokkun fræðikerfis lögfræðinnar er samningaráttur undirgrein fjármunaréttar, sem aftur fellur undir einkarétt. Þar sem sérhvært sjálfstætt ríki

setur sín eigin lög og reglur á einkaréttarsviðinu eru samningaráttarreglur ríkja gjarnan ólíkar, eða í það minnsta ekki endilega samræmdar. Undantekningar þar frá eru ef ríki hafa vísvitandi haft reglur annarra ríkja að fyrirmund, eða ef ríki taka sig saman um að hafa samræmdar reglur. Dæmi um hið síðarnefnda eru samningalög Norðurlandaþjóðanna, sem eru afrakstur samnorræns samvinnuátaks í lagasetningu, sem leiddi til lögfestingar samsvarandi samningalaga á öllum Norðurlöndunum á árunum 1915 til 1936.<sup>6</sup> Íslensku samningalöggin eru nr. 7 frá árinu 1936 og hafa staðist tímans tönn ótrúlega vel. Raunar eru löginn að einhverju leyti mörkuð af uppruna sínum og aldri, t.d. bera ýmis ákvæði þeirra þess merki að vera miðuð við verslunarkaup. Efni laganna hefur þó slípast til í framkvæmd og þar hafa íslenskir lögfræðingar til viðbótar við íslenskar dómsúrlausnir notið góðs af hinum samnorræna bakgrunni og getað leitað fröðleiks og dómafordæma hjá öðrum Norðurlandaþjóðum svo norrænu áhrifin hafa áfram verið til staðar. Á vissan hátt má þannig segja að íslenskur samningaráttur sé meira norrænn en íslenskur. Vegna líks og að einhverju leyti sameiginlegs réttargrunns Norðurlandanna og samfléttuðrar sögu Íslands og Norðurlandanna<sup>7</sup> hafa þessi áhrif þó tæpast talist framandi á Íslandi. Og vegna einsleitni norrænnar samfélagsgerðar hefur norræni samningarátturinn átt jafn vel við á Íslandi og á öðrum Norðurlöndum.

1 Sjá t.d. bækurnar Principles of European Contract Law: Prepared by the Commission on European Contract Law, eftir Ole Lando o.fl (ritstj.), og European Contract Law – Vol. I: Formation, Validity and Content of Contracts; Contract and Third Parties, eftir Hein Kötz og Axel Flessner.

2 Sjá t.d. lýsingu á tilgangi Acuis-verkefnisins á heimasiðu þess [www.acquis-group.org](http://www.acquis-group.org) en verkefninð hefur aðallega að markmiði að rannsaka reglur um samningarátt sem er að finna í löggjöf ESB.

3 Á ensku „European Community Contract Law,“ sbr. bók Conor Quigley: European Community Contract Law – The Effect of EC Legislation on Contractual Rights, Obligations

and Remedies (1998). Sjá líka umfjöllun um sameiginlegar viðmiðunarreglur – CFR, í kafla 8 C hér á eftir.

4 Próunin á þessu svíði gæti þó á endanum sameinað þessu tvo hluti og þá væri fyrst raunverulega hægt að tala um evrópskan samningarátt.

5 Sjá t.d. hugtakanotkun hjá SECOLA verkefninu (sem fjallað er um síðar í þessari grein) á heimasiðu þess <http://www.secola.org> þar sem bæði er talað um „EC Contract Law“ og „European Contract Law.“

6 Páll Sigurðsson: Samningaráttur, bls. 32.

7 Sjá t.d. athugasemdir Torgny Håstad í „En europeisk civillag och den nordiska kontraktsrädden,“ bls. 363-364.

## 4. EVRÓPSK ÁHRIF Á ÍSLENSKAN SAMNINGARÉTT

Íslenskur samningaráttur hefur, eins og að ofan er lýst, ávallt verið undir erlendum áhrifum og þar til nýlega hafa þau áhrif aðallega verið í gegnum hið norræna samstarf. Nú er það að breytast og áhrifin eru í meiri mæli farin að koma úr annarri átt, þ.e. frá ESB í gegnum aðild Íslands að EES. Samningaráttur er grundvöllur viðskipta og vöruflöðis, hvort sem er innanlands eða milli landa, og bent hefur verið á að ólíkar samningaráttarreglur geti haft í för með sér erfðleika á því sviði. ESB hefur reynt að bregðast við slíkum erfðleikum með því að setja reglur á vissum, afmörkuðum sviðum til að bregðast við skilgreindum vandamálum, t.d. á neytendasviði. Þrátt fyrir að ESB hafi að mestu haldd sig frá beinu inngripi í einkarátt aðildarlandanna og þótt ólíkar réttarhefðir séu að sjálfsögðu áfram við lýði í aðildarríkjum ESB,<sup>8</sup> hafa ýmsar slíkar reglur samt óneitanlega haft bein eða óbein áhrif á jafnvel þau svíð sem eru hvað helgust vé sjálfsförræðis hvers lands um sig.

Á samningaráttarsviðinu hefur mátt sjá merki um þetta í ýmsum tilskipunum sem hafa áhrif á gildi samninga eða sem takmarka rétt til gerðar vissra samninga.<sup>9</sup> Oftast hefur slík lögjöf tengst sérstökum hagsmunahópum sem talið er að þurfi á sérvakri vernd í aðildarlöndum ESB að halda, gjarnan þeim hópum sem álið er að standi höllum fæti við samningsgerð.

### 4.1. Bein evrópsk áhrif á íslenskan samningarátt

Íslenskur samningaráttur hefur ekki farið varhluta af þessum evrópsku áhrifum, enda hefur aðild Íslands að EES í för með sér skyldu til að taka upp í landsrétt lögjöf á þeim sviðum sem EES samningurinn nær til. Þessi áhrif sjást vel ef athugaðar eru þær breytingar sem orðið hafa á samningalögunum nr. 7/1936. Þau stóðu reyndar óbreytt fram til 1986 og hefur einungis verið breytt fjórum sinnum á þeim sjö áratugum sem liðnir eru síðan þau voru sett, þ.e. með lögum nr. 11/1986, nr. 14/1995, nr. 151/2001 og nr. 72/2003. Fyrstnefndulöggin komu til vegna samnorræns samstarfs sem m.a. fól í sér lögfestingu nýrrar 36. gr. samningalaganna en tvær næstu breytingar komu til fyrir áhrif frá lögjöf ESB og sú síðasta var nauðsynleg vegna nýs stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu. Allar þessar breytingar hafa þannig komið til vegna erlendra áhrifa, þær þrjár síðustu vegna annarra evrópskra áhrifa en norrænna, eftir að Ísland gerðist aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

### 4.2. Óbein evrópsk áhrif á íslenskan samningarátt

En það eru fleiri breytingar sem orðið hafa á íslenskum samningarátti en þær sem merkja má í samningalögunum sjálfum. ESB réttar gætir þegar í umtalsverðum mæli varðandi samninga á einstökum sérvíðum í aðildarlöndum ESB og EES.<sup>10</sup> Sérkvæði um samninga eða samningarátt sém stafa frá lögjöf ESB er þannig víða að finna í íslenskri lögjöf:<sup>11</sup> Í lögum nr. 46/2000 um húsgöngu-

<sup>8</sup> Í domi Evrópubómstólsins frá 7. maí 2002 í máli C-478/99: Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins gegn konungsríkinu Svíþjóð (sem var stutt af konungsríkinu Danmörku og lyðveldinu Finnlandi) reyndi á það hvort leiðbeinandi listi yfir hugsanlega ósanngjörni samningsákvæði sem fylgdi Tilskipun 93/13/EBE um ósanngjörn ákvæði í stöðluðum neytendasamningum væri nægilega tekinn upp í landsrétt Svíþjóðar. Upptalning súlra ákvæða í lagatexta er framandi norrænni réttarhefð og af hálfu Svíþjóðar var því haldd framt að listinn hefði verið nægilega vel tekinn upp í landsrétt með því að birta hann í greinargerð með öðrum af tvennum lögum sem tóku ákvæði Tilskipunarinnar upp í sánskan

rett. Evrópubómstólinn fellst á þær röksemdir Svíþjóðar að greinargerðið með lögum væru í norrænni lagahefð mikilvægt lögskýringargagn og að Framkvæmdastjórnin hefði ekki sýnt fram að þessi birtingarháttur listans veitti almenningi ekki nægilega vitneskjum um listann. Þar með taldist Tilskipunin nægilega vel tekin upp í landsrétt með þessum hætti.

<sup>9</sup> Sjá t.d. ágætt yfirlit yfir ýmsa lögjöf Evrópusambandsins á svíði samninga- og einkaráttar í „Communication from the Commission to the Council and the European Parliament on European Contract Law. COM(2001) 398 final.“

<sup>10</sup> Mads Bryde Andersen gerir grein fyrir þessu í Grundlæggende aftaleret, bls. 76-77.

og fjarsölusamninga eru sérákvæði um skuldbindingargildi samninga,<sup>12</sup> II. kafli laga nr. 23/1997 um gerð samninga um hlutdeild í afnotarétti orlofshúsnaðis hefur að geyma sérreglur um samningsskilmála,<sup>13</sup> lög nr. 80/1994 um alferðir hafa að geyma ýmis sérákvæði um samninga um kaup á alferðum, lög nr. 121/1994 hafa að geyma ýmis skylduákvæði um form og efni lánasamninga við neytendur, lög nr. 48/2003 um neytendakaup hafa að geyma ýmsar reglur um innihald neytendakaupasamninga<sup>14</sup> og fleiri dæmi mætti nefna.

En erlend áhrif á íslenskan samningaráttarrétt koma úr fleiri áttum, einstakar reglur um alþjóðlega samninga er t.d. einnig að finna í lögum um lausafjárkaup nr. 50/2000, en við samningu þeirra var höfð hliðsjón af samningi Sameinuðu þjóðanna um sölu á vörum milli ríkja frá 1980 (CISG).<sup>15</sup> Þess var gætt að reglur laganna stönguðust ekki á við ákvæði þess sáttmála og þau lögfestu í rauninni nokkur ákvæði hans. Eins og nánar er lýst í greinargerð með frumvarpi til lausafjárkaupalaganna kristólluðust við gerð þeirra þau erlendu áhrif sem kauparétturinn er undir. Til viðbótar við áhrifin frá áðurnefndum samningi Sameinuðu þjóðanna byggja löginn nefnilega að hluta til á tillögum samnorraðs vinnuhóps frá 1984 til nýrra norraðenna kaupalaga og taka einnig tillit til Tilskipunar ESB nr. 99/44/EB, um tilteknar hliðar á sölu vörum til neytenda og abyrgðaryfirlýsingar í því sambandi.<sup>16</sup>

Ofangreind áhrif hafa komið til án þess að um skipulagða þróun sé að ræða og án þess að ESB hafi mótuð sérstaka stefnu um slíkt. Afleiðingin er sú staðreynd sem blasir við í dag; brotakennnd löggjöf á sviði samningaráttarins, sifellt flóknara samningsumhverfi með vaxandi fjölda sérreglna og undantekninga frá almennum samningareglum en engri samræmingu almenna samningaráttarins í ESB- og EES-löndunum.<sup>17</sup> Þessi staða er að mati margra fræðimanna, og nú á síðari tímum einnig ESB, talin vera vandamál sem þarf að leysa.

#### 4.3. Endalok norrænnar samvinnu á sviði samningaráttar?

Það má velta því fyrir sér hvort sú staðreynd að þrjú af hinum fimm norrænu ríkjum eru í ESB og hin tvö eru aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu feli í sér endalok norrænnar samvinnu á sviði samningaráttar. Líklegt er að sú verði raunin varðandi þá nánu norrænu samvinnu sem átti sér stað fyrir inngöngu Danmerkur, Svíþjóðar og Finnlands í ESB og inngöngu Íslands og Noregs í EES, enda má búast við að löggjöf á þessu sviði muni í framtíðinni frekar eiga upptök sín hjá ESB/EES en í norrænni samvinnu.<sup>18</sup> Raunar má einnig efast um að norræn samvinna væri rétti vettvangurinn í dag fyrir samvinnu á sviði samningaráttar. Þótt Norðurlönd séu mikilvægir viðskiptaaðilar fyrir Ísland er helsta viðskiptasvæði Íslands í dag Evropa í heild sinni en ekki einungis Norðurlönd.

11 Sjá einnig umfjöllum á svipuðum nótum i: Viðar Már Matthíasson: „Er vist að loforð sé ennþá loforð? Hugleiðingar um skuldbindingargildi loforða,“ bls. 597 o.áfr.

12 Í 8. gr. segir að samningur skuldbindi ekki neytanda fyrr en 14 dögum eftir gerð hans.

13 Í 6. gr. laganná segir að samningur skuldbindi kaupanda ekki fyrr en eftir 10 daga frá undirritun samnings og að kaupandi sé óbundinn af tilboði sem hann gerir í þrjá mánuði frá undirritun samnings ef seljandi leggi ekki fram tilteknar upplýsingar. Notfærri kaupandi sér framangreindan ritfunarrétt falla skv. 8. gr. laganna úr gildi allir lánsamningar sem kaupandi hefur gert við seljanda eða þriðja aðila sem hefur milligöngu um að veita lán í tengslum við kaupin.

14 Í 2. mgr. 38. gr. þeirra segir að neytandi sé „ekki bundinn af ákvæðum fyrir fram gerðs samnings um skyldu til að greiða kaupverð á ákveðnum tíma án tillits til þess hvort seljandi

uppfyllir skyldur sínar á réttum tíma.“

15 The 1980 United Nations Convention for the International Sale of Goods, hér eftirkommstafað CISG. Ísland gerðist aðili að samningnum 10. maí 2001 og hann óðlaðist gildi 1. júní 2002.

16 Sjá firmtu málsgrein athugasemda í greinargerð með frumvarpi til laga um lausafjárkaup, Pingskjal 119, 110, mál á 125. löggjafarþingi 1999–2000.

17 Sjá umfjöllun á þessum nótum í Jan Ramberg: „Den nordiska avtalsrätten och utvecklingen av en europeisk avtalsrätt“, bls. 97 og Ole Lando: „Some Features of the Law of Contract in the Third Millennium,“ bls. 346.

18 Lars Marius Heggberget og Espen Nyland: „Formuleringen av internasjonale kontraktretsrettslige grunnprinsipper og betydningen for norsk rett,“ bls. 295.

Samnorrænu samningalögnum var m.a. ætlað að einfalda viðskipti milli Norðurlandanna en nú eiga slík einföldunarsjónarmið jafnt við um önnur lönd á EES-svæðinu. Samnorræn samningalög myndu því ekki hafa sama tilgang og áður, en evrópskur samningaráttur gæti mætt svipaðri þörf en fyrir stærra svæði. Þrátt fyrir þetta er ekki víst að norræn samvinna sé að fullu liðin undir lok en sú samvinna sem á sér stað verður þó trúlega í aðeins öðru horfi í framtíðinni, þ.e. beinist frekar að því að samræma viðbrögð Norðurlandanna við ákvæðnum áhrifum eða löggjöf frá ESB<sup>19</sup> eða samræma sérnorræna löggjöf og löggjöf ESB,<sup>20</sup> frekar en að semja sérnorrænar reglur á þessu sviði. Einig mætti hugsa sér að norrænu löndin myndu stilla saman strengi sína til að hafa „norræn áhrif“ á þá þróun sem nú á sér stað innan ESB.<sup>21</sup>

Af framangreindu má ljóst vera að nú þarf Ísland að horfa aðeins lengra og víðar en einungis til Norðurlandanna varðandi þróun og framtíð íslensks samningaráttar.

## 5. LAGASKILAREGLUR – VAL Á LANDSRÉTTARREGLUM

Landsréttur hvers lands gildir einungis sjálfkrafa í því tiltækna landi. Ef um samninga milli aðila í mismunandi löndum er að ræða er að jafnaði hægt að velja hvers lands réttur á að gilda um samningana en ef ekki er ákvörðun um slíkt að finna í samningnum sjálfum

kemur til kasta lagaskilareglna alþjóðlegs einkamálaréttar. Hvað samninga varðar voru slíkar reglur lögfestar á Íslandi með lögum nr. 43/2000 um lagaskil á sviði samningaráttar, en megin tilganguinn með þeim var að lög festa reglur Rómarsamningsins frá 1980 um lagaskilareglur á sviði samningaráttar.<sup>22</sup>

Þetta kerfi lagaskilareglna sem er við lýði í dag hefur óneitanlega vissa kosti. Aðilar sem vanir eru alþjóðlegum viðskiptum geta valið sér réttarkerfi og lög eða reglur sem henta þeirra sviði og sem koma vel út fyrir þau viðskipti sem þeir stunda. Ef til kasta lagaskilareglanna kemur þá eru þær þekktar og almennt viðurkenndar í rétti flestra þjóða. Þetta fyrirkomulag verndar auk þess sjálfstæði og sérstök einkenni samningaráttar hverrar þjóðar um sig.

En þetta fyrirkomulag hefur líka sína galla.<sup>23</sup> Til að velja hagstætt réttarkerfi eða -reglur þurfa viðskiptaaðilar að hafa sérhæfða þekkingu eða fá ráðgjöf sem oft er kostnaðarsöm. Minni viðskiptaaðilar eða veikari aðilar við samningsgerð hafa hugsanlega ekki bolmagn til að kosta slíku til og jafnvel þótt þeir hefðu það og vildu velja tilteknar reglur fyrir samninginn er óvist að þeir hefðu samningsafl til að ná þeim óskum fram. Það er einnig umhugsunarvert fyrir samningsaðila frá litlum ríkjum að likurnar eru með því að reglur annarra og stærri ríkja verði fyrir valinu.<sup>24</sup> Rekstur dómsmála erlendis eða samkvæmt erlendum reglum

<sup>19</sup> Þegar norrænu ríkin tóku Tilskipun 93/13/EBE um ósanngjörn ákvæði í stóðluðum neytendasamningum upp í sína löggjöf var þannig samráð milli Norðurlandanna um hvernig það yrði best gert, en löndin völdu að einhverju leyti ólikar leiðir. Sjá kafla I í athugasemdum með frumvarpi til laga 14/1995 um breytingar á samningalögnum: Pingskjal 102, 99. mál, 118. löggjafarþing 1994.

<sup>20</sup> Sbr. t.d. lög nr. 48/2003 um neytendakaup sem tóku upp í landsrétt ákvæði tilskipunar 99/44/EB en við setningu þeirra var höfð hliðsjón af norrænum rétti um sama efni, einkum norskum. Sjá almennar athugasemdir í greinargerð með lögnum: Pingskjal 904, 556. mál, 128. löggjafarþing 2002–2003.

<sup>21</sup> Sjá hugmyndir um þetta hjá Torgny Håstad: „En europeisk civillag och den nordiska kontraktsråten“, bls. 366.

<sup>22</sup> The Rome Convention on the Law Applicable to Contractual Obligations. Þessi samningar eru oft nefndur Rómarsamningurinn og ber að gæta þess að rugla honum ekki saman við Rómarsáttmálan frá 1957 um stofnun Efnahagsbandalags Evrópu. Ítarlegri umfjöllun um lagaskilareglur og lög nr. 43/2000 er að finna í grein Eyvindar G. Gunnarssonar „Lagaskil á sviði samningaráttar“ í 2. hefti Tímarits lögfraðinga 2003.

<sup>23</sup> Gagnrýni á lagaskilareglur og virkni þeirra inna ESB er m.a. að finna í grein Ole Landor: „Some Features of the Law of Contract in the Third Millennium,“ bls. 346 o.áfr.

<sup>24</sup> Lars Marius Heggberget og Espen Nyland: „Formuleringen av internasjonale kontraktsrettslige grunnprinsipper og betyningen for norsk rett,“ bls. 257.

getur einnig reynst mjög kostnaðarsamur<sup>25</sup> og flókinn og getur t.d. falið í sér tvöfalta þörf á lögfræðiþjónustu, þ.e. bæði í heimalandi viðskiptaaðilans og í því landi þar sem dæma á ímálinu. Slíkur kostnaður getur auðveldlega fælt viðskiptaaðila frá því að bjóða þjónustu sína í öðrum löndum og einnig haft í för með sér lakari samkeppnisstöðu fyrir hinn erlenda viðskiptaaðila því hann þarf að bera þennan viðbótarkostnað vegna viðskipta erlendis sem innlendir viðskiptaaðilar þurfa ekki.<sup>26</sup> Erfitt getur einnig reynst að sjá fyrir úrslit einstakra mála þar sem réttarkerfið og lögin eru a.m.k. öðrum aðilanum oftast framandi. Mismunandi löggjöf getur þannig fælt aðila á EES frá því að gera milliríkjasamninga og virkað letjandi á milliríkjaviðskipti<sup>27</sup> og jafnvel hindrað starfsemi innri markaðarins.<sup>28</sup> Petta fyrirkomulag er of þunglamalegt og fráhrindandi og að mati ESB hafa lagaskilareglur á sviði samningaráttar í því formi sem þær eru í dag ekki hentað nægilega vel fyrir þær aðstaður sem ætlunin er að ríki á innri markaði ESB. Sambandið hefur því verið að reyna að bæta þetta fyrirkomulag og styrkja það<sup>29</sup> og er langt á veg komið með að fella ákvæði Rómarsamningsins frá 1980 um lagaskilareglur á sviði samningaráttar inn í löggjöf ESB með því að taka ákvæði hans upp í Reglugerð.<sup>30</sup> En aðrar hugmyndir eru líka uppi.

<sup>25</sup> Sjá t.d. röksemdir í máli Hæstaréttar nr. 530/2002: Betri Pizzur gegn Papa John's International. Par hélt stefnandi því m.a. fram að kostnaður við að reka mál fyrir International Court of Arbitration i London eins og kveðið var á um í samningi aðilanna væri svo hár að stefnanda væri í raun meinaður aðgangur aðgangur að óhlutdrægum og óvihöllum dómstóli, sbr. 70. gr. stjórnarskrárinnar.

<sup>26</sup> Sjá t.d. umfjöllun á bls. 9 í *Communication from the Commission to the Council and the European Parliament on European Contract Law*, COM (2001) 398 final.

<sup>27</sup> Sjá umfjöllun um vandamál þessa kerfis í *Communication from the Commission to the European Parliament and the Council – A More Coherent European Contract Law* – An Action Plan, COM (2003) 68 final, bls. 7 o.áfr., um viðskiptahindrandi áhrif sjá bls. 9.

<sup>28</sup> Þessi skoðun kom m.a. fram í svari frá EES-EFTA ríkjunum við fyrirspurn frá Framkvændastjórninni sem send var út til hagsmunaaðila: „The EEA-EFTA states report that national contract laws may directly or indirectly obstruct the proper functioning of the internal market as they result in increased transaction costs ...“ Sjá *Communication from the*

## 6. ÞÖRFIN Á EVRÓPSKUM SAMNINGARÉTTI

Þessi staða, þ.e. brotakennd og ómarkviss löggjöf ESB og ólíkar samningaráttarreglur í löndum ESB og þau vandamál sem henni fylgja, hefur verið fræðimönnum á þessum sviðum viðfangsefni í nokkurn tíma. Þótt skiptar skoðanir séu um það hversu alvarleg þessi vandamál eru<sup>31</sup> er öllum ljóst mikilvægi samningaráttarins fyrir viðskiptalifid og þörfin fyrir virk og vandræðalaus samningaráttarúrræði á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins. Á móti kemur að úrbætur eru erfiðar, innan Evrópu eru mörg ólik réttarkerfi, samningaráttarskilningur er byggður á landsrétti og landsreglur eru ólíkar milli Evrópulanda í dag.

Ýmsar hugmyndir hafa þó komið fram um lausn á þessu vandamáli en það sem hefur staðið þeim fyrir þrifum er sú staðreynd að samningaráttur einstakra aðildarlanda ESB og EES fellur ekki undir löggjafarsvið ESB. Sama vandamál blasir við á fleiri sviðum þar sem skorta hefur þótt samræmda löggjöf eða stefnu innan Evrópu. Hugmyndir hafa t.d. komið upp um sameiginlega einkaréttarlögbók ESB landanna<sup>32</sup> en alls óvist er að þær verði að veruleika á næstunni enda er einkaréttur Evrópulandanna

Commission to the European Parliament and the Council – A More Coherent European Contract Law – An Action Plan, COM (2003) 68 final, bls. 30.

<sup>29</sup> „Green Paper on the conversion of the Rome Convention of 1980 on the law applicable to contractual obligations into a Community instrument and its modernisation, COM (2002) 654 final, bls. 13.“

<sup>30</sup> Sjá „Proposal for a Regulation of the European Parliament and the Council on the law applicable to contractual obligations (Rome I), COM (2005) 650 final.“

<sup>31</sup> Mads Bryde Andersen og Joseph Loozofsky efast um að númerandi fyrirkomulagi fylgi nokku teljandi vandamál, sjá „Nationale aftaleregler og EU-integration: Problemer og løsningsmodeller,” bls. 211 o.áfr. og Thomas Wilhelmsson telur ólíkar réttarreglur og réttarkerfi vera styrkleika en ekki vandamál; „Europeiseringen av privaträtten: för ett fragmenterat utbytte av erfarenheter,” bls. 3.

<sup>32</sup> Sjá t.d. heimasiðu vinnumóps, „Study Group on a European Civil Code,” um þetta mál: <http://www.sgecc.net/> og bókina Towards a European Civil Code, eftir A.S. Hartkamp, M.W. Hesselink o.fl.

á margan hátt ólikur og bundinn við aðstæður í hverju landi. Möguleikar til samræmingaraðgerða kunna þó að vera meiri á sviði samningaráttar en á sumum öðrum svíðum einkaréttar, því að sú hindrun sem felst í ósamræmdum samningarátti gengur gegn þeim grundvallarhugsjónum um frjálst flæði viðskipta og þjónustu sem ESB byggir tilveru sína á. Það er úr þessum jarðvegi sem hin fjölmörgu fræði- og rannsóknarverkefni sem nú eru í gangi vardandi samræmingu samningaráttar í Evrópu eru sprottin.

## 7. KOSTIR OG GALLAR SAMRÆMDS SAMNINGARÉTTAR

Samræming á sviði einkaréttarins innan Evrópu, sérstaklega samningaráttarins, hefur verið alvarlega til umræðu í meira en two áratugi. Upphafið að vinnu að lausn á þessu vandamáli á sviði evrópsks samningaráttar má líklega rekja aftur til loka áttunda áratugar síðustu aldar en þá vakti danski professorinn Ole Lando máls á því á ráðstefnu í Evrópuháskólanum í Flórens.<sup>33</sup> Þær hugmyndir sem þá voru ræddar miðuðust við að komið yrði á samræmdum kauparétti innan Evrópu. Á þeim tíma sem liðinn er síðan þessi hugmynd var sett fram hefur hún þróast yfir í það að koma á samræmdum Evrópureglum um samninga, eða evrópskum samningarátti.<sup>34</sup>

Síðan hugmyndirnar um evrópskan samningarátt komu fram hafa þær verið í mikilli deiglu enda mæla ýmis rök með slíkum samræmdum reglum. Ljóst er að bæta þarf á einhværn hátt úr hinu brotakennnda lagaumhverfi sem myndast hefur fyrir tilstilli

ESB og draga úr göllum þess fyrirkomulags að samningaráttarreglur eru ólikar í aðildarlöndum ESB. Af hagfræðilegum ástæðum er mikilvægt að reynt sé að tryggja að viðskipti séu eins einföld og kostnaður við þau eins lágor og hægt er og liður í þeirri viðleitni er að hafa lagatæknilegar hindranir sem allra fæstar. Praktískar ástæður mæla einnig með slíkri samræmingu<sup>35</sup> því hún myndi minnka líkur á því að ólikar samningaráttarreglur leiddu til ólikra niðurstaðna í sambærilegum samningaráttarmálum og almennt ryðja úr veki þeim viðskiptahindrunum sem tilvist ólikra samningaráttarreglna veldur.<sup>36</sup> Þannig myndi hún stuðla að auknum viðskiptum og verslun milli ESB landa og styrkjá innri markað ESB/EES. Slík heildarsamræming samningaráttarins innan ESB landanna væri gifurlega mikilvægt verkefni og eftirsóknarvert markmið, en um leið umfangsmikið og flókið verk. Þótt mikil samvinna og viðskipti séu milli ESB landanna gerist slík samræming alls ekki sjálfkrafa heldur er sérstakra aðgerða í þessa átt þörf. Í fræðilegri umfjöllun um samræmingu samningaráttarins er það almennt viðurkennt að hin brotakenndu og ómarkvissu áhrif sem fylgja setningu Tilskipana á einstökum svíðum samningaráttarins séu ólíkleg til að ná fram samræmdu samningaráttarkerfi<sup>37</sup> og að markvissari og kerfisbundnari nálgun sé nauðsynleg til að ná fram samræmdum heildarreglum.

En það má einnig fára fram sterkt rök gegn öllum áætlunum um samræmingu á einkaréttarsviðinu, jafnvel einungis á sviði samningaráttarins og óneitanlega

<sup>33</sup> Sjá Ole Lando: „Unfair Contract Clauses and a European Uniform Commercial Code,” bls. 267-288.

<sup>34</sup> Hugmyndin er samt ekki alveg ný því árið 1928 samdi t.d. frönsk-ítölsk nefnd reglur um krófu- og samningarátt sem ætlað var að gilda fyrir nokkur lönd, en fékk líttinn meðbýr. Carlo Castronovo: „Contract and the Idea of Codification in the Principles of European Contract Law,” bls. 111.

<sup>35</sup> Vangaveltur um kosti og galla Evrópuvæðingar samningaráttarins er að finna í Ole Lando: „Optional or

Mandatory Europeanisation of Contract Law,” bls. 60-61.

<sup>36</sup> Lando talar um hinar ólíku landsbundnu samningaráttarreglur sem til staðar í Evrópu sem „non-tariff barrier to trade.” Sjá „Why codify the European Law of contract?” bls. 526.

<sup>37</sup> Sjá t.d. Jürgen Basedow: „A Common Contract Law for the Common Market,” bls. 1171; Van Gerven: „ECJ case-law as a means of unification of private law?” bls. 294; og Lurger, Birgitte: Vertragliche Solidarität, bls. 109.

eru vandamálín sem þeim áætlunum fylgja mörg.<sup>38</sup>

Eitt fyrsta vandamálið sem upp kemur er spurningin um valdheimildir og valdsvið ESB. Þótt ESB hafi lýst áhuga á samræmingu einkaréttarins í Evrópu<sup>39</sup> þá fellur einkaréttur samkvæmt hefðbundnum skilningi utan valdsviðs ESB.<sup>40</sup> Og skoðanir hafa verið skiptar um það hvort grundvallarlöggjólf ESB heimili slíkt inngríp í einkaréttinn.<sup>41</sup>

Annað athugunarefni er hvort samræming samningaráettarins sé tímabær og pólitiskt framkvæmanleg að svo stöddu. Framkvæmdastjórn ESB hefur a.m.k. skýrlega lýst því yfir í tengslum við sitt starf á svíði evrópsk samningaráettar að áætlunin sé ekki að stuðla að evrópskri einkaréttarlöggbók sem myndi samræma samningaráett aðildarlanda ESB.<sup>42</sup> Sannfæringarkraftur þeirrar yfirlýsingar minnkar þó svolitið þegar litið er til þess að í sama skjali er ítarleg athugun og vangaveltur varðandi innihald evrópskra samningaráettarreglna, lagagrundvöll þeirra, skuldbindingargildi, samband við aðrar samningaráettarreglur o.fl., þótt reyndar sé sú athugun miðuð við valkvæðar reglur.<sup>43</sup>

<sup>38</sup> Um ýmis vandamál við alþjóðlega samræmingu einkaréttarins sjá David, René: „The International Unification of Private law“ í International Encyclopedia of Comparative Law, bindi II, kafli 5, bls. 7 o.áfr.

<sup>39</sup> Samanber hinnar vel þekktu ályktanir Evrópuþingsins: Resolution of 26 May 1989 (Doc A2-157/89, OJ 1989 C 158/401, bls. 400) og Resolution of 6 May 1994 (Doc A3-329/94, OJ 1994 C 205/94 bls. 518.) í umfjöllun sinni um fyrrí ályktunina lýsir Wilhelmsson órlitlum efasendum um raunderulegt mikilvægi hennar en telur að hún sé „significant ... as an illustration that ideas of harmonized codification are expressed and taken seriously within the EC.“ „European Contract Law Harmonization: Aims and Tools,“ bls. 31.

<sup>40</sup> Jürgen Basedow: „A Common Contract Law for the Common Market“ bls. 1173 o.áfr. og Walter van Gerven:

„Coherence of Community and national laws. Is there a legal basis for a European Civil Code?“ bls. 466 o.áfr.

<sup>41</sup> Ágæta umfjöllun um slíkt er t.d. að finna hjá Torgny Håstad: „En europeisk civillag och den nordiska kontraktsrätten,“ bls. 356 o.áfr. Sjá einnig Ewoud Hondius: „Towards a European Civil Code: the debate has started,“ bls. 455-56. Walther van Gerven: „Codifying European Contract Law: Top down and bottom up,“ bls. 405 o.áfr. Sjá ennfremdir stuttar athugasemdir í Communication from the Commission to the Council and the European Parliament on European Contract Law, (COM (2001) 398 final, bls. 11-12 og í Communication from the Commission to the European Parliament and the Council – European Contract Law and the

þriðja vandamálið er menningarleg sjónarmið. Einkarétturinn, þ.m.t. samningaráeturinn, á sér djúpar rætur í landsrétti og byggir að einhverju leyti á staðbundinni framkvæmd, venjum og skoðunum.<sup>44</sup> Að skipta út slíkum lögum, sem eiga sterk ítök í þjóðarsál einstakra landa og studd eru staðbundinni reynslu við framkvæmd þeirra í hverju landi um sig, fyrir nýjan, samevrópskan lagabálk sem saminn er með hagsmuni mun stærra landsvæðis og mun fjölbreyttara þjóðfélagskerfis en vanalega er að finna í einstökum löndum í huga, og án stuðnings við lagaframkvæmd og fordæmi, væri alltaf erfitt fyrir það land sem í hlut á.<sup>45</sup> Í aðildarlöndum ESB og þrem aðildarlöndum EES til viðbótar eru á þriðja tug tungumála og í það minnsta 4-5 ólik réttarkerfi.<sup>46</sup> Fyrirsjáanlegt er að erfiðleikarnir við þetta margfaldað eftir því sem löndin eru fleiri.<sup>47</sup>

Fjórða umhugsunarefnið er svo hvort raunverulegs árangurs sé að vænta af slíkri samræmingu, þ.e. hvort samræmdum samningaráetti fylgi ekki bara fleiri vandamál en tilvist margra ólikra samningaráettarreglna í landsrétti mismunandi aðildarlanda ESB

revision of the aquis: the way forward, COM (2004) 651 final, Viðauka II, bls. 21-22.

<sup>42</sup> Communication from the Commission to the European Parliament and the Council – European Contract Law and the revision of the aquis: the way forward, COM (2004) 651 final, bls. 8.

<sup>43</sup> Viðauka II við ofangreint skjal (COM (2004) 651 final).

<sup>44</sup> Sjá t.d. Hugh Collins: „European Private Law and the Cultural Identity of States“ bls. 362 o.áfr., og Thomas Wilhelmsson: „European Contract Law Harmonization: Aims and Tools,“ bls. 40-41.

<sup>45</sup> „EEC law always has to base itself on a detailed written regulation in order to create a not-previously-existing common legal understanding... As regards uniformity in the application of a general clause, the EEC authorities cannot rely on a common „EEC way“ of legal thinking and therefore to a greater extent have to „spell out“ various criteria...“ Palle Bo Madsen: „Scandinavian Contract Law within the EEC,“ bls. 111.

<sup>46</sup> „The greatest obstacle to the development of a civil code, of course, lies in the deep-rooted differences between the legal traditions in the European countries.“ Thomas Wilhelmsson: „European Contract Law Harmonization: Aims and Tools“ bls. 43.

<sup>47</sup> Torgny Håstad heldur því aftur á móti fram að samræmdir reglur gætu haft sameinandi áhrif á hin óliku ESB ríki: „En europeisk civillag och den nordiska kontraktsrätten,“ bls. 359-360.

fylgir. Til staðar er kerfi lagaskilareglna sem ætlað er að leysa númerandi vandamál, og viðskiptin innan ESB virðast þrifast ágætlega án samræmdra reglna.<sup>48</sup>

## 8. SAMRÆMINGARVERKEFNI Á SVIÐI ALMENNIS SAMNINGARÉTTAR Í EVRÓPU<sup>49</sup>

Þrátt fyrir þessi vandamál og umhugsunarefni, og í þeirri bjargföstu trú að samræming einkaráttarreglna sé þörf í Evrópu, eru nokkur verkefni í gangi í dag sem miða að samræmingu einkaráttarins, þ.m.t. samningaráttarins, innan ESB. Þessi verkefni hafa til skamms tíma að mestu verið unnin af einkaaðilum en þeim er ætlað að vera skref í áttina að samræmingu samningaráttarins í framtíðinni, eða jafnvel að vera grunnur að sameiginlegum samningalagabálki fyrir Evrópu.<sup>50</sup>

Flest þessara verkefna aðhyllast aðra hvora af tveim megináðferðum<sup>51</sup> við samræmingu samningaráttarins. Önnur þeirra er lögfesting (á ensku *codification*)<sup>52</sup> samningareglna, annað hvort í formi valkvæðrar eða skyldubundinnar lögfestingar.<sup>53</sup> Markmið slíkrar lögfestingar væri að koma á sameiginlegum samningareglum fyrir öll aðildarlönd ESB. Hin aðferðin er s.k. „ræktun“ (á ensku *cultivation*) sem miðar að því að draga fram sameiginlegar samningareglur og venjur innan Evrópu með fræðilegri vinnu og rannsóknarverkefnum, í stað þess að miða að lögfestingu sameiginlegra reglna.<sup>54</sup> Óljóst er hversu miklar lífslíkur sumra þessara

verkefna eru og hvaða áhrif þau munu hafa á endanlegu samningaráttarreglurnar ef til þess kemur að samningaráttur innan ESB verði sameinaður. Forsendur verkefnanna og nálgun er mismunandi og jafnvel verkefni sem hafa svipaða hugmyndafræði byggjast að hluta til á ólikum forsendum svo þau nýtast ekki endilega öll í sama regluverkið. Í þeirri vinnu sem nú fer fram á vegum Evrópusambandsins er reynt að sameina sjónarmið margra þessara verkefna þótt eitt tiltekið verkefni, Meginreglur evrópsks samningaráttar, virðist einna áhrifamest í þeirri vinnu. En það er mikilvægt að leitað sé sem flestra og fjölbreyttastrá leiða til að fá sem besta útkomu í sliku samræmingarstarfi og verkefnin eru hvert á sinn hátt framlag til samningaráttarfræðanna. Og þau eru hvert um sig allar athygli verð svo reynt verður að fjalla um þau helstu hér á eftir.

### A) Lagasetningarverkefni

Tveir hópar fræðimanna hafa um nokkra hríð unnið að því að semja samningaráttarreglur sem hugsaðar eru sem samningalagabálkur, eða grunnur að slikeum bálki, í framtíðinni:

#### 1) Meginreglur evrópsks samningaráttar (PECL)

Þegar fyrstu hugmyndir að samræmingu samningaráttar í Evrópu voru ræddar á seinni hluta áttunda áratugar síðustu aldar hafa þær eflaust virkað nokkuð fjarstæðukennarar og ótímabærar enda var pólitísk og efnahagsleg þróun ekki nægilega langt á veg komin til að réttlæta slíkar samræmingarhugmyndir.

<sup>48</sup> Ole Lando: „Optional or Mandatory Europeanisation of Contract Law,“ bls. 60.

<sup>49</sup> Sjá nánari umfjöllun um hluta af þessum verkefnum í: Matthias Geir Pálsson: Unfairness in European Contract Law and International Trade Contracts, bls. 165-180 og á sómu nótum Páll Sigurðsson: „Prúnardráttir í samninga- og krófurétti, einkum frá fjalþjóðlegu sjónarhorni,“ bls. 61. o.áfr.

<sup>50</sup> Sjá sérstaklega Principles of European Contract Law (2000), grein I:1(1), og kennunguna bls. xxiii.

<sup>51</sup> Lando ræðir þessar aðferðir í: „Optional or Mandatory Europeanisation of Contract Law,“ bls. 65. A. Rosett skilgreinir 7 samræmingaraðferðir í „UNIDROIT Principles and Harmonization of International Commercial Law: Focus on

Chapter Seven,“ bls. 443 o.áfr.

<sup>52</sup> Ýmsar greinar um kosti og galla evrópsks einkaráttarlagabálks er að finna í European Review of Private Law 1997, bindi 5 nr. 4, sem var helgað þessu efni, og í bókinni An Academic Green Paper to European Contract Law, bls. 137 o.áfr.

<sup>53</sup> Ole Lando: „Optional or Mandatory Europeanisation of Contract Law,“ bls. 65 o.áfr.

<sup>54</sup> Sumir fræðimenn telja að ekki sé mögulegt að skipta aðferðunum í svona aðskilda höpa því alltaf sé til staðar blanda af öllum þessum aðferðum.: Mauro Bussani: „Integrative‘ Comparative Law Enterprises and the Inner Stratification of Legal Systems,“ bls. 92.

En raunsæi hefur aldrei staðið hugsjónafólkí fyrir þrifum, undirbúningsvinna fór af stað og á árinu 1980 var stofnuð Nefnd um evrópskan samningaráétt<sup>55</sup> (hér eftir skamnstafað CECL eftir ensku heiti nefndarinnar: *Commission on European Contract Law*). Nefndin, sem var undir formennsku Ole Lando, var stofnuð af hópi fræðimanna og starfandi lögfræðinga frá öllum þáverandi aðildarlöndum ESB, sem aðallega völdust til starfans vegna áhuga á verkefninu. Nefndin var einkaframtak en ekki opinber nefnd og án allrar opinberrar stöðu, þótt henni hafi í upphafi verið veittur smávægilegur stuðningur af Framkvæmdastjórninni<sup>56</sup> og síðar meir „andlegur“ stuðningur af Evrópuþinginu.<sup>57</sup>

Meðlimir nefndarinnar unnu í sameiningu að því að semja reglur og meginreglur sem telja mætti að væru sameiginlegar í Evrópulöndunum sem til athugunar voru, eða gætu hugsanlega orðið það. Hópurinn samdi á endanum reglusafn í formi lagabálks, sem kallaður er *Meginreglur evrópsks samningaráéttar* (hér eftir skamnstafað PECL eftir ensku heiti reglnanna: *Principles of European Contract Law*). Fyrsti hluti þessara reglna kom út á árinu 1995, sá hluti var síðan endurútgefinn með öðrum hluta reglnanna sem kom út á árinu 2000 og þriðji og síðasti hluti reglnanna kom út árið 2003.<sup>58</sup> Reglurnar eru hugsaðar til ýmissa nota, en eitt af yfirlýstum markmiðum með samningu þeirra var að vera „grunnur að samningalagabálki Evrópu í framtíðinni.“<sup>59</sup> Frekari yfirlýstur tilgangur með reglunum var að þær nýttist sem valkvæðar, samningsbundnar en hlutlausar viðmiðunarreglur í samningum milli samningsaðila í ólikum löndum, þær staðfesti

almennar grunnreglur samningaráéttar á viðskiptasviði (s.k. *lex mercatoria*), þær verði nýttar sem fyrirmýnd fyrir lönd sem vilja endurskoða samningaráéttarlöggjöf sína, o.fl.

### Upptuni PECL

Reglurnar sem er að finna í PECL styðjast ekki við eitt ákveðið réttarkerfi. Markmið CECL var að semja bestu og mest viðeigandi reglur sem kostur væri á til nota í Evrópu framtíðarinnar. Þær sækja efni sitt að einhverju leyti til allra ESB ríkjanna, sem og alþjóðlegra reglna, viðskiptareglna og jafnvel erlendra réttarkerfa. Til viðbótar er í þeim að finna reglur sem nú er hvergi að finna í lögum. CECL ákvað að byggja ekki á neinum þeirra reglna eða lagabálka sem til voru, ekki einu sinni hinum viðurkennda Sáttmála Sameinuðu þjóðanna um samninga um sölu á vörum milli ríkja frá 1980<sup>60</sup> þótt reglur þess samnings hefðu verið lögfestar af mörgum ESB ríkjanna. Þess í stað var ákveðið að taka einungis upp í PECL reglur sem CECL var sannfærð um að myndi henta vel sem meginregla fyrir flesta eða alla samninga. Varðandi formið á reglunum var sú stefna síðan mörkuð að semja einungis meginreglur frekar en nákvæmar og nákvæmlega útfærðar reglur.

### Innhald PECL

Meginreglurnar sem CECL samdi eru ítarlegar og umtalsvert nákvæmari en norrænu samningalögum. Í mjög grófum dráttum lýst þá fjalla reglurnar um stofnun samninga, milligöngu við samningsgerð, gildi samninga, túlkun, efni samninga, efndir samninga, vanefndir og vanefndaúrræði,

<sup>55</sup> Heimasíða nefndarinnar er: [http://frontpage.cbs.dk/law/commission\\_on\\_european\\_contract\\_law/](http://frontpage.cbs.dk/law/commission_on_european_contract_law/)

<sup>56</sup> Principles of European Contract Law Part I and II, preface xi o.áfr.

<sup>57</sup> Evrópuþingið virðist hafa haft svipuð sjónarmið í huga og CECL-nefndin þegar það samþykkti ályktun um að undirbúnningar að samningu evrópsks einkaréttarlagabálks (European Code of Private Law) yrði hafinn: Resolution of 26 May 1989, Official Journal nr. C 158, 26.6.1989, bls. 400. Þessi áskorun var endurtekín 6. maí 1994 þar sem sérstaklega var minnst á samræmingu evrópsks samningaráéttar: Resolution

of 6 May 1994, Official Journal C 205, 25.7.1994, bls. 518.

<sup>58</sup> The Principles of European Contract Law-Part I: Performance, Non-Performance and Remedies (1995), Principles of European Contract Law-Parts I and II. Combined and Revised. (2000) og Principles of European Contract Law - Part III (2003).

<sup>59</sup> Sbr. grein 1:101 (I): „These Principles are intended to be applied as general rules of contract law in the European Union.“ Sjá einnig Principles of European Contract Law – Parts I and II, introduction xxiii.

<sup>60</sup> Sjá kafla 10. A hér á eftir.

sameiginlega samninga margra aðila, framsal kröfu og skuldaraskipti, skuldajöfnun, fyrningu, lögmaeti samninga, skilyrta samninga, o.fl. Sumar reglnanna kunna að koma norrænum lögfræðingum spánskt fyrir sjónir<sup>61</sup> og sum þessara viðfangsefna PECL eru í norrænni lögfræði strangt til tekið flokkuð undir kröfurétt.<sup>62</sup> Miðað við þær aðstæður og réttarumhverfi sem PECL er ætlað að nýtast við, þar sem ekki eru til staðar sams konar kröfuréttarreglur til stuðnings samningaráttarreglum eins og reyndin er í norrænum rétti, er slíkur samruni samninga- og kröfuréttar þó nauðsynlegur til að tryggja virkni reglnanna.

Með samningu og útgáfu PECL var meginverkefni og tilgangi með starfsemi CECL lokið. En það markaði kannski frekar kaflaskipti en endalok í rannsóknnum á svíði evrópsks samningaráttar því fræðimennirnir sem að verkefinu komu starfa áfram innan annarra rannsóknarverkefna á þessu svíði. Þótt verkefinu sé lokið er gildi þess einnig enn að aukast því eftir hópinn liggur fræðiverk sem tvímaðalaust er hornsteinninn í hinni hröðu þróun evrópsks samningaráttar sem nú á sér stað og lýst verður hér síðar.

*2) Evrópska samningalagabálksverkefnið*  
En CECL er ekki eini hópurinn sem vann að gerð almenns lagabálks á svíði samningaráttar. Keppinatur á þessu svíði var verkefni sem unnið var að við Academy of European Private Lawyers í Pavia á Italíu, undir forystu prófessors Giuseppe Gandolfi. Unnið var að verkefinu frá 1995 og miðaði það að því að útbúa lagabálk sem yrði í framtíðinni notaður sem samningalagabálkur Evrópu.<sup>63</sup>

Munurinn á þessa verkefni og PECL var

að þetta verkefni miðaði í minni mæli að samningu almennra meginreglna en PECL en þeim mun meira að samningu nákvæmra samningaráttarreglna og lögfræðilegralausna. Það byggði einnig í meiri mæli en PECL á eldri reglum sem þegar voru til, þar sem það notaði IV. bók ítalískra einkaréttarlagabálksins og uppkast að lagabálki sem ensk laganeftnd samdi sem fyrirmynnd,<sup>64</sup> þótt nýjum lausnum og tillögum frá meðlimum vinnuhópsins hafi einnig verið bætt við efni lagabálksins.<sup>65</sup> Fyrsta uppkast að laga-bálki með 136 lagagreinum um almenn samningaráttarleg efni var birt á árinu 1999 og ætlunin var að verkefnið myndi einnig útbúa annan lagabálk sem fjallaði um sérstakar tegundir samninga. Lítið hefur þó bólað á verkefinu frá því 2002.

### B) Ræktunarverkefni

En setning lagabálks um evrópskan samningarátt er ekki eina leiðin til að samræma samningarátt innan Evrópu. Önnur verkefni fræðimanna stefna að því markmiði með annari og ólíkri nálgun. Aðferðafræðin sem þar er beitt er eins konar „ræktun“ sameiginlegs samningaráttar innan Evrópu, sem miðar að því að svipaður eða sameiginlegur bakgrunnur og skilningur á samningareglum myndist innan þess svæðis þar sem þessari aðferðafræði er beitt. Í þessu sambandi er oft talað um „bottom-up approach“ þar sem markmiðið með þessari „grasrotarnálgun“ felst í að mynda eða þróa sameiginlegan grunn undir uppbyggingu sameiginlegs kerfis. Samkjarnaverkefnið í Trento og Evrópska dæmabókarverkefni byggjast á þessari nálgun. PECL er aftur á móti eins konar „top-down approach“ þar sem það verkefni miðar að því að setja tilbún-

**61** Torgny Håstad ber hluta af reglunum saman við norrænan samningarátt í „En europeisk civillag och den nordiska kontraktsrätten“, bls. 245 o.áfr.

**62** Mads Bryde Andersen og Joseph Lookofsky: „Nationale aftaleregler og EU-integration: Problemer og løsningsmodeller“, bls. 211.

**63** Á ensku European Code of Contract.

**64** Sjá „Harvey McGregor: Contract code drawn up on behalf of the English law Commission.“

**65** Gandolfi, G.: „Una proposta di rilettura del quarto libro del codice civile nella prospettiva di una codificazione europea“ bls. 22.

ar reglur sem binda alla sem undir lögsögu reglnanna falla og vonast er til að henti við sem flestar samningaráttaradðstæður.

### 1) Samkjarnaverkefnið í Trento<sup>66</sup>

Þetta verkefni hófst í háskólanum í Trento árið 1993.<sup>67</sup> Hugmyndin að baki verkefninu er að bera saman áhrif lagareglna á sviði samningaráttar, eignaréttar og skaðabótaréttar eins og þær birtast í úrlausnum dómstóla í einstökum réttarkerfum, í þeim tilgangi að finna sameiginlegan kjarna hinna mismunandi kerfa. Verkefnið miðar að því að greina og lýsa núverandi stöðu í nefndum fögum í einstökum löndum í Evrópu, m.a. til framdráttar sameiginlegri lögfræðimenningu í Evrópu, en hvorki með verndunar- né samræmingarsjónarmið í huga.<sup>68</sup> Þótt fræðimennirnir sem vinna að verkefninu hafi lýst því yfir að þeir séu ekki með ákveðna eða afmarkaða notkun í huga með verkefninu<sup>69</sup> hafa þeir bent á að það gæti nýst við vinnu að samræmingu eða samhæfingu laga innan Evrópu. Ástæðan sé að verkefnið veitir mikilvæga innsýn og eykur skilning á viðkomandi sviðum bæði fyrir fræðimenn og lögmenn. Verkefnið gæti enn fremur veitt fræðileg svör við því hvort raunverulega skorti sameiginlegt kerfi lögfræðihugtaka og -aðferða til úrlausnar á lögfræðilegum vandamálum, en að alíti sumra fræðimanna er skortur á slíku ein stærsta hindrunin í vegi þróunar samevrópsks réttar.<sup>70</sup>

Þegar hafa birst tvær bækur á vegum

þessa verkefnis en þær eru annars vegar um hugtakið „góð trú“ í evrópskum samningarátti og hins vegar um efndamöguleika loforda í mismunandi réttarkerfum í Evrópu.<sup>71</sup>

### 2) Evrópska dæmabókaverkefnið<sup>72</sup>

Markmið þessa verkefnis, sem ýtt var úr vör árið 1994, er að búa til aðgengilegt safn af lögfræðibókum sem hafa að geyma lýsingu á lögfræðileg málum og verkefnum ásamt athugasemdum, álitsgerðum og samanburðaryfirliti á nokkrum mikilvægum réttarsviðum, þ.m.t. samningarátti, skaðabótarétti, felagarétti og stjórnsýslurétti.<sup>73</sup> Eins og samkjarnaverkefnið í Trento miðar evrópska dæmabókaverkefnið ekki að því að semja meginreglur til að nota sem fyrirmynnd að löggið. Ætlunin með verkefninu er að leiða í ljós almennar meginreglur sem sameiginlegar eru og sem nú þegar eru til staðar í Evrópulöndunum, eins og þær koma fram í löggið, dómsúrlausnum og fræðiskrifum. Markmiðið er að auka „Evropuvæðingu“ einkaréttarins og styrkja sameiginlega evrópska lagagrunninn með því að leiða í ljós að á nokkrum réttarsviðum séu þegar til staðar sameiginlegar evrópskar lagareglur og séu einnig að mótað á öðrum sviðum.<sup>74</sup> Bókunum sem gefa á út í tengslum við þetta verkefni er ætlað að styrkja grundvöllinn fyrir samræmingu eða jafnvel samruna réttarins á viðkomandi sviðum og stuðla þannig að eins konar nýjum *ius commune*.<sup>75</sup> Þess er vænst að þessi markmið

66 Á ensku „The Common Core of European Private Law Project.“ Heimasiða verkefnisins er <http://www.jus.univit.it/dsg/common-core/home.html>.

67 Almenna umfjöllun nokkurra hófunda um verkefnið er að finna í: „Mauro Bussani og Ugo Mattei (ritstj.): Making European Law - Essays on the ‘Common Core’ Project.“

68 Máuro Bussani og Ugo Mattei: „The Common Core Approach to European Private Law“ bls. 340-341.

69 Mauro Bussani: „‘Integrative’ Comparative Law Enterprises and the Inner Stratification of Legal Systems,“ bls. 87.

70 Bussani og Mattei: „The Common Core Approach to European Private Law“ bls. 346.

71 Reinhard Zimmermann og Simon Whittaker: Good Faith in European Contract Law (2000) og James Gordley: The Enforceability of Promises in European Contract Law (2001).

72 Á ensku „Ius Commune Casebooks for the Common

Law of Europe.“ Heimasiða verkefnisins er <http://www.law.kuleuven.be/casebook/>.

73 Pierre Larouche: „Ius commune Casebooks for the Common Law of Europe: Presentation, Progress, Rationale“ bls. 101 og Walter van Gerven: „Casebooks for the common law of Europe - Presentation of the Project,“ bls. 69-70.

74 Larouche, sama heimild og að ofan, bls. 106.

75 Á 11. óld og síðar unnu fræðimenn, s.k. Glossatorar og á eftir þeim s.k. Commentatorar, að því að mynda heildstætt réttarkerfi úr lögþókum Justiniusar Rómarkeisara, og síðar að laga það að nýrrí lögum og lagakerfum, s.s. staðbundnum rétti, venjurétti og kanónískum rétti. Petta réttarkerfi breiddist út um mestalla Vestur Evrópu og á 16. óld var þessi rómversk-kanóníski réttur miðaldafræðimannanna orðinn ríkjandi réttarkerfi meginlandsins, sem jafnan er nefnt *ius commune*. Helmut Coing: „European Common Law: Historical Foundations,“ p. 33.

náist með því að bækurnar sem skrifaðar verða innan ramma verkefnisins verði notaðar í lagakennslu um alla Evrópu. Á þann hátt náist að móta nýjan, samevrópskan lögfræðiskilning meðal laganema, lagakennara og lögfræðinga almennt. Þessi skilningur væri ekki byggður á einu afmörkuðu réttarkerfi sem síðan er boríð saman við önnur kerfi heldur væri í sjálfsér sérstakt kerfi en í sterkum tengslum við evrópsku landsréttarkerfin. Nú þegar hafa nokkrar bækur verið gefnar út á vegum þessa verkefnis, m.a. um samningarárett,<sup>76</sup> og unnið er að fleiri bókum á ýmsum sviðum einkaréttarins.

### C) Önnur fræði- og rannsóknaverkefni á sviði evrópsks samningarárettar

Fleiri rannsóknar- og fræðiverkefni sem stuðla að framgangi evrópsks samningarárettar mætti telja, til viðbótar þeim sem þegar hafa verið nefnd. Óvist er þó hvort þau teljist lagasetningarverkefni eða ráktunarverkefni, frekar mætti líta á þau sem samræmingar- eða stuðningsverkefni með starfi á þessu sviði, án þess að fylgja annarri hvorri framangreindri stefnu nákvæmlega.

### 1) Félag um evrópskan samningarárett – SECOLA<sup>77</sup>

Eitt nýlegt verkefni er Félag um evrópskan samningarárett, skammstafað SECOLA eftir ensku heiti félagsskaparins: „Society of European Contract Law.“ Secola var stofnað og hélt sína fyrstu fundi á árinu 2001. Markmið þess eru að vinna að umræðum, þróun, fræðslu og rannsóknum á sviði evrópsks samningarárettar og framgangi þess réttarsviðs á breiðum vettvangi. Félagið

stefnir að því að ná þessum markmiðum með því að halda ráðstefnur, gefa út fræðibækur og -tímarit og stuðla að samvinnu milli ólíkra rannsóknarverkefna á þessu sviði í mismunandi löndum. Þótt verkefnið sé einkaframtak og ekki innan ramma fræðistofnana eru aðstandendur verkefnisins vel þekktir fræðimenn og leiðandi á þessu sviði. Prátt fyrir skamman liftíma verkefnisins hefur það strax markað spor í evrópska samningaráettarjarðveginn því þegar hafa komið út nokkrar bækur á vegum þess.<sup>78</sup>

### 2) Acquis-verkefnið<sup>79</sup>

Acquishópurinn var stofnaður á árinu 2002<sup>80</sup> og hefur það að markmiði að rannsaka, flokka og skilgreina reglur á sviði einkaréttar innan löggjafar ESB. Verkefnið er sjálfstætt samstarfsverkefni fræðimanna á þessu sviði frá nær öllum löndum ESB en það er hins vegar hluti af áætlun Framkvæmdastjórnarinnar um rannsóknir til að bæta og samræma Evrópuréttarlöggjöfina á þessu sviði, sbr. umfjöllun hér á eftir. Eins og áður var nefnt gilda engar samræmdar einkaréttarreglur innan ESB heldur er reglur sem tengjast einkarétti að finna innan ólíkra réttarsviða. Þeim er auk þess ætlað að mæta ólikum aðstæðum og eru settar með ólikan pólitískan tilgang að baki. Af því hefur leitt að þær eru sundurlausar og enga heildaryfirsýn er að fá yfir þær. Acquis-verkefnið miðar að því að rannsaka hvaða einkaréttarlegu reglur er að finna í löggjöf ESB, með það í huga að leiða í ljós meginreglur einkaréttar eins og hann er að finna á vettvangi ESB. Starfið er hins vegar bundið við samningaráettarreglur en ekki allar einkaréttarreglur og ætlunin er að gefa út samantekt þeirra reglna sem leiddar verða

<sup>76</sup> Walther van Gerven: Tort Law – Scope of Protection (1998); Walther van Gerven, J. Lever og Pierre Larouche: Tort Law; Hugh Beale, Hein Kötz, Arthur Hartkamp og D. Tallon: Contract Law (2002) og J. Beatson og E. Schrage: Unjustified Enrichment (2003).

<sup>77</sup> Heimasiða verkefnisins er <http://www.secola.org/>.

<sup>78</sup> Grundmann og Stuyck (ritstj.): An Academic Green Paper to European Contract Law; Bianca og Grundmann (ritstj.) EU Sales Directive – Commentary (2002) og Hugh Collins: The

Forthcoming EC Directive on Unfair Commercial Practices: Contract, Consumer & Competitions Law (2004).

<sup>79</sup> Heimasiða verkefnisins er <http://www.acquis-group.org/> og þar er ítarlegar upplýsingar um það að finna.

<sup>80</sup> Sjá fréttatíkynningu um stofnun hópsins frá 15. maí 2002: „European Research Group on Existing Community Private Law ('Acquis Group') established,” sem er að finna á heimasiðu verkefnisins.

í ljós, undir heitinu „Meginreglur núverandi samningaráettar Evrópusambandsins“ eða „Acquis-meginreglur“.<sup>81</sup> Tilgangurinn með samningu slíkra regla er að auka skilning á núverandi stöðu einkaréttareglna innan löggjafar ESB og bæta beitingu samningaráettarlegra Evrópureglna, auk þess sem vonast er til þess að þær styðji við endurbótastarf á þessu sviði, leiði í ljós þörfina á frekarlöggjöf o.fl. Acquis-reglunum er ætlað að fylla í eyðu í rannsóknum á samningaráettarreglum innan löggjafargagna ESB og í lýsingu verkefnisins er sérstaklega tekið fram að Acquis-meginreglunum sé ekki ætlað að hafa sama tilgang og PECL, eða víkja afrakstri þess verkefnis til hlíðar.

Rétt eins og Secola-verkefnið hefur Acquis-verkefnið þegar gefið út bækur á sínu rannsóknarsviði.<sup>82</sup>

3) *European Review of Contract Law*  
Það er kannski merki um hversu mikil gróska er í fræði- og rannsóknarstörfum á sviði evrópsks samningaráettar að í maí 2005 var hafin útgáfa sérstaks tímarits sem helgað er umfjöllun um evrópskan samningaráett og þeirri þróun sem þar á sér stað. Í leiðara fyrsta tölublaðsins er fjallað um hugmyndirnar um evrópskan samningaráett og því lýst yfir að tilgangur tímaritsins sé að vera vettvangur fræðilegrar umræðu og rannsókna varðandi evrópskan samningaráett.<sup>83</sup>

Að minnsta kosti eitt annað rannsókna- og fræðiverkefni til viðbótar sem vinnur að rannsóknum á þessu sviði er vert að nefna en það er kallað „Sameinað fræðinet á sviði evrópsks einkaréttar.“ Um það verður fjallað í tengslum við umfjöllun um ESB og afstöðu þess til evrópsks samningaráettar hér á eftir.

## 9. AFSTAÐA EVRÓPUSAMBANDSINS OG AÐGERÐIR Á SVIÐI EVRÓPSKS SAMNINGARÉTTAR

Í því réttarumhverfi sem ríkir í Evrópu í dag fer ekki hjá því að afstaða ESB sé grundvallaratriði varðandi hagnýtt gildi fræðilegra rannsókna á Evrópuréttarsviði. Þetta á ekki síst við varðandi samræmingarverkefni á sviði samningaráettar í Evrópu. En hver er afstaða ESB varðandi evrópskan samningaráett?

Eins og áður greinir þá hefur til skamms tíma verið spurning um hafi ESB til að beita sér á sviði einkaréttar í aðildarlöndum sínum. Á síðustu árum hefur þó örlað á skýrari vilja til að stíga nauðsynleg skref í þá átt.

Í tveimur áskorunum Evrópuþingsins frá árinu 1989<sup>84</sup> og frá árinu 1994<sup>85</sup> hvatti Þingið til þess að byrjað yrði á undirbúningi að samræmingu einkaréttarins, sem m.a. myndi ná til samningaráettarins. Einnig fyrirskipaði Ráðið á árinu 1999 að hafin yrði vinna að undirbúningi nánari samruna einkaréttarins.<sup>86</sup>

### A) *Orðsending Framkvæmdastjórnarinnar 2001 – Er samningaráettur vandamál í ESB?*

Hvað samningaráettinn varðar sérstaklega er Orðsending frá Framkvæmdastjórninni til Ráðsins og Evrópuþingsins í júlí 2001 um evrópskan samningaráett athyglisverð.<sup>87</sup> Þar var kallað eftir upplýsingum um hvort vandamál væru til staðar vegna ólíkra samningaráettarreglna innan ESB og sérstaklega hvort eðlileg virkni innri markaðar ESB væri skert af þeim sökum.



<sup>81</sup> Á ensku „Principles of the Existing EC Contract Law“ eða „Acquis Principles“.

<sup>82</sup> Sjá Hans Schulte-Nölke, Reiner Schulze ásamt Ludovic Bernardeau (ritstj.) European Contract Law in Community Law (2002) og Reiner Schulze, Martin Ebers og Hans Christoph Grigoleit: Information Requirements and Formation of Contract in the Acquis Communautaire (2003).

<sup>83</sup> Hugh Collins, Muriel Fabre-Magnan, o.fl.: „Editorial,“

European Review of Contract Law, 1. tbl. 2005, bls. 1.

<sup>84</sup> Resolution 26 May 1989, OJ C 158, 26.6.1989, bls. 400.

<sup>85</sup> Resolution 6 May 1994, OJ C 205, 25.7.1994, bls. 518.

<sup>86</sup> „Presidency Conclusion, Tampere European Council 15 and 16 October 1999, SI (1999) 800.“

<sup>87</sup> „Communication from The Commission to the Council and the European Parliament on European Contract Law 11.07.2001, COM(2001) 398 final.“

Einnig var óskað upplýsinga um hvort hugsanlega væri til staðar ósamræmi í löggjöf ESB sem snertir samningarátt eða hvort ólik upptaka ESB löggjafar á sviði samningaráttar í landsrétt væri vandamál. Loks var kallað eftir tillögum til lausnar á þessum vandamálum, ef þau reyndust vera til staðar. Framkvæmdastjórnin sjálf stakk upp á fjórum mögulegum lausnum, án þess að útloka að fleiri lausnir gætu verið í boði:

- I. Að láta markaðinum eftir lausn þessara vandamála án þess að grípa til sérstakra aðgerða.
- II. Að vinna að þróun valkvæðra, almennr meginreglna á sviði samningaráttar sem nýst gætu samningsaðilum við samningsgerð, dómstólum við úrlausni deilumála og löggjofum einstakra landa við setningu löggjafar á sviði samningaráttar.
- III. Að endurskoða og bæta löggjöf ESB á sviði samningaráttar svo hún verði samhæfðari eða nái yfir aðstæður sem ekki voru fyrirséðar þegar löggjöfin var sett.
- IV. Að setja nýja almenna samningaráttarlöggjöf innan ramma ESB. Skoðaþyrfti miðöglegasetningu slíkrar löggjafar í formi Reglugerðar, Tilskipunar eða jafnvel bara Tilmæla. Einnig þyrfti að huga að samsíði slíkrar löggjafar við samningarátt i einstökum löndum sem gæti hugsanlega staðið áfram við hlið nýrra reglna eða verið felldur alveg úr gildi. Ennfremur þyrfti að taka afstöðu til þess hvort slík löggjöf efti að vera skuldbindandi eða valkvæð.

Evrópuþingið brást við þessu kalli Framkvæmdastjórnarinnar með ályktun frá 15. nóvember 2001 um samhæfingu einka- og viðskiptaréttar í aðildarlöndunum.<sup>88</sup> Í ályktuninni var skorað á Framkvæmdastjórnina að koma fram með tímasetta aðgerðaáætlun sem miðaði að slíkri samhæfingu. Meðal þess sem Þingið óskaði eftir var að fyrir árslok 2004 yrði stofnaður

<sup>88</sup> Resolution on the approximation of the civil and commercial law of the Member States. COM (2001) 398 final – C5-0471/2001 – 2001/2187 (COS), OJ C140E, 13.6.2002, bls. 538, sbr. einnig Report A5-0384/2001 (M. Lehne).

<sup>89</sup> COM (2003) 68 final, bls. 28 ö.áfr.

<sup>90</sup> 2385th Council Meeting – Justice Home Affairs and Civil Protection – Brussels, 16 November 2001. 13758/01 (Presse) 409.

sameiginlegur gagnabanki sem inniheldi samningarátt allra ESB-landanna, sem nýst gæti í fræðilegri vinnu að lausnum II og III í tillögum Framkvæmdastjórnarinnar. Einnig vildi Þingið að eftir árið 2005 yrði afrakstur samanburðarvinnu á sameiginlegum laga-hugtökum og lögfræðilausnum birtur og komið á framfæri innan ESB og notaður af stofnunum ESB í löggjafarvinnu. Loks ætti við setningu löggjafar á vegum ESB, þar sem þessum sameiginlegu hugtökum og lögfræðilausnum væri beitt, að gæta þess að önnur löggjöf eða réttur gæti verið ráðandi. Eftir 2008 ætti síðan að meta stöðuna upp á nýtt og hugsanlega gæti það endurmat leitt til útgáfu og upptöku samningaráttarreglna í ESB löggjöf. Þingið tók fram að það teldi rétt að slíkt yrði gert með Reglugerð og að grein 95 í Rómarsáttmálanum yrði notuð sem lagastoð.<sup>90</sup>

Degi á eftir Evrópuþinginu, eða 16. nóvember 2001, samþykkti Ráðið skýrslu um þörf á samhæfingu löggjafar ESB á einkaréttarsvíðinu.<sup>91</sup> Í skýrslunni lagði Ráðið áherslu á það lykilhlutverk sem samningaráttur leikur og einnig á meira samræmi í núverandi löggjöf ESB. Það studdi samningu sameiginlegra kjarnareglna á sviði einkaréttar og kallaði eftir birtingu af hálfu Framkvæmdastjórnarinnar á svörum sem henni bærust við erindinu frá júlí 2001 í formi grænbókar eða hvítbókar. Ráðið gekk raunar nokkru lengra í þessari skýrslu sinni en erindið frá Framkvæmdastjórninni gaf ástæðu til því í skýrslunni er einnig farið út í hugleiðingar af svipuðu tagi um önnur einkaréttarsvíð en samningarátt, s.s. skaðabótarétt, eignarétt og jafnvel sífjarétt.<sup>91</sup>

Í álti Efnahags- og félagsmálanefndar ESB frá 17. júlí 2002,<sup>92</sup> sem einnig var svar við Orðsendingu Framkvæmdastjórnarinnar,

<sup>91</sup> COM (2003) 68 final, bls. 27 ö.áfr, sbr. bls. 9 í skýrslunni sjálfri sem er að finna á heimasiðunni <http://register.consilium.eu.int/pdf/en/01/st12/12735en1.pdf>.

<sup>92</sup> „Opinion of the Economic and Social Committee on the Communication to the Council and the European Parliament on European contract law, ECOSOC INT/117 European Contract Law, OJ C 241, 7.10.2002,” bls. 1.

lagði nefndin áherslu á þá skoðun sína að leitað yrði alþjóðlegra lausna á þessu lagasviði. Ef slíkar lausnir væru ekki í boði þá teldi nefndin best að koma á samræmdum, almennum evrópskum samningarárétti, t.d. með setningu Reglugerðar. Þessi kostur gæti til að byrja með verið valkvæð lausn fyrir samningsaðila en síðar meir yrði hún lausn sem ætti við ef aðilarnir veldu ekki aðrar reglur.

### B) Orðsending Framkvæmdastjórnarinnar 2003 - Aðgerðaáætlun

Þann 12. febrúar 2003 kom síðan önnur Orðsending frá Framkvæmdastjórninni til Ervrópulingsins og Ráðsins,<sup>93</sup> en það skjal er eins konar framhald af Orðsendingu Framkvæmdastjórnarinnar frá 2001. Þar er lýst viðbrögðum sem bárust við áðurnefndu kalli í Orðsendingunni frá 2001 eftir upplýsingum og tillögum varðandi þau vandamál sem Framkvæmdastjórnin benti á í henni. Álit og svör bárust frá 181 aðila, þ.m.t. frá stofnunum ESB, EES-EFTA ríkjunum, viðskiptaaðilum, neytendasamtökum, lögfræðingum og fræðimönnum. Niðurstöður voru í stuttu máli sagt mjög ólíkar og misvisandi varðandi hversu víðtæk vandamál leiddu af ósamræmdum samningarárétti ESB landanna.<sup>94</sup> En varðandi þær fjórar mögulegu lausnir sem Framkvæmdastjórnin stakk upp á í Orðsendingunni frá 2001 til lausnar slíkum vandamálum, ef þau væru til staðar, taldi enginn álitsgjafanna að sú leið sem ESB fylgir nú, þ.e. að setja löggjöf á einstökum sviðum þar sem gripa þyrfti inn í, leiddi til stórra vandræða og ætti að leggjast af. Mjög líttill hluti vildi velja leið I, þ.e. að láta markaðinn finna lausn á vandanum. Umtalsverður stuðningur var til staðar við lausn II, sem fólst í því að þróa valkvæðar, almennar meginreglur samningaráréttar. Meirihluti álitsgjafanna

studdi hins vegar leið III sem byggðist á því að betrumbæta núverandi löggjöf ESB á sviði samningaráréttarins. Á þessu stigi málssins var meirihlutinn á móti leið IV, sem faldí i sér setningu nýrrar, almennrar evrópskrar samningaráéttarlöggjafar.

Viðbrögð Framkvæmdastjórnarinnar við þessari afstöðu álitsgjafanna eins og hún kemur fram í þessari Orðsendingu voru þau að hún lýsti því yfir að hún teldi ekki ástæðu til að hætta inngrípi í einstök svið þar sem hún teldi þörf á aðgerðum og myndi því halda áfram á þeirri braut sem hún er nú á, þ.e. að bregðast við vandamálum á sérstökum sviðum. Í lýsingu sinni á svörum álitsgjafanna sagði Framkvæmdastjórnin að fjöldi þeirra hefði stungið upp á að leið IV yrði athuguð frekar í samhengi við þróun sem yrði varðandi leiðir II og III.<sup>95</sup> Niðurstöða Framkvæmdastjórnarinnar varðandi leið IV var því sú að hún lýsti því yfir að álitsgjafarnir hefðu óskað eftir áframhaldandi athugun á þessari leið. Síðan rakti hún kostina sem slíkum reglum gæti fylgt, m.a. að þær yrðu hlutlaust tæki til hagsbóta fyrir báða samningsaðilana og að með tímanum yrðu slíkar reglur öllum kunnar, bæði neytendum og viðskiptaaðilum, og myndu þá einfalda mjög öll viðskipti milli ríkja ESB.<sup>96</sup> Framkvæmdastjórnin lýsti því síðan að hún myndi rannsaka hvort slíkra valkvæðra samningaráéttarreglna væri þörf til að leysa vandamál á sviði samningaráréttar innan ESB. Slík rannsókn myndi beinast að því að kanna á hvaða formi slíkar reglur gætu verið, hvaða efni þær ættu að innihalda og ekki síst á hvaða lagagrund þær hefðu. Varðandi formið þá taldi Framkvæmdastjórnin mögulegt að þær yrðu í formi Reglugerðar eða Tilmæla sem kæmu til viðbótar landsbundnum samningarárétti en myndu ekki víkja honum til hliðar. Reglurnar gætu verið bindandi

<sup>93</sup> „Communication from the Commission to the European Parliament and Council – A More Coherent European Contract Law – An Action Plan, COM (2003) 68 final, 12.2.2003.“

<sup>94</sup> COM (2003) 68 final, bls. 5.

<sup>95</sup> COM (2003) 68 final, bls. 5.

<sup>96</sup> COM (2003) 68 final, bls. 23.

varðandi alla milliríkjasamninga innan ESB eða verið háðar því að samningsaðilarnir velji þær sérstaklega í samningum sínum. Hvað sem öðru líður taldi Framkvæmdastjórnin að hafa yrði samningsfrelsið að leiðarljósi þegar valin yrði lausn og að það mætti einungis skerða ef rík ástæða væri til.<sup>97</sup>

En mikilvægasti parturinn í Orðsendinguunni er þó að í henni leggur Framkvæmdastjórnin til eins konar Aðgerðaáætlun fyrir ESB til að ná fram samhæfðari samningarátti. Í samræmi við ofangreinda umfjöllun myndu helstu þættirnir í slíkri áætlun felast í því að:

I. *Auka innþyrðis samhæfingu löggjafar sem tengist samningarátti.*

Þetta yrði annars vegar gert með því að taka saman „sameiginlegar viðmiðunarreglur“ (á ensku Common Frame of Reference – hér eftir CFR) og hins vegar með athugun á núverandi skjölum og gögnum ESB á svíði samningaráttar og lagfæringum og endurbótum á þeim.

II. *Stuðla að samningu á hlutlausum stöðluðum samningsskilmálum til almennra nota innan ESB á mismunandi svíðum.* Þetta yrði m.a. gert með því að Framkvæmdastjórnin myndi vista opinn gagnabanka um þetta efni og gefa út leiðbeiningareglur um það.

III. *Halsa áfram að rannsaka hvort vandamálín sem við blasa á svíði samningaráttar innan ESB þurfi að leysa með setningu almennra, valkvæðra samningaráttarreglna innan ESB.* Sérstaklega var tekið fram að CFR reglurnar yrðu hluti af því sem taka þyrfti tillit til þegar slíkar valkvæðar samningaráttarreglur yrðu samdar, hvort sem þær yrðu viðtækari en CFR eða takmarkaðri.

Í lokin óskaði Framkvæmdastjórnin svo eftir athugasemdum við ofangreind atriði.

<sup>97</sup> Sjá einnig umfjöllun um mögulegar leiðir í COM (2001) 398 final, bls. 16-17. Þar er velt upp þeim möguleikum að hafa reglurnar alltaf bindandi, bindandi nema aðrar reglur séu valdar (opt-out) eða alveg frjálsar þannig að þær komi ekki til skoðunar nema þær séu sérstaklega valdar (opt-in).

<sup>98</sup> „Communication from the Commission to the European Parliament and the Council – European Contract Law and

Þessari Orðsendingu var vel tekið af öðrum ESB stofnunum því Evrópuþingið og Ráðið sendu frá sér ályktanir þar sem þessar stofnanir fögnuðu Aðgerðaáætlun Framkvæmdastjórnarinnar, lögðu áherslu á viðtæka þátttöku áhugasamra aðila að þessum aðgerðum og óskuðu eftir áframhaldandi athugun á nauðsyn valkvæðs samningalagabálks.<sup>98</sup>

### C) *Orðsending Framkvæmdastjórnarinnar 2004 – Framkvæmdaáætlun*

Næsta skref á þessari braut var svo stigið með Orðsendingu frá Framkvæmdastjórninni til Evrópuþingsins og Ráðsins í október 2004<sup>99</sup> þar sem lýst var áætlunum um hvernig markmiðum Aðgerðaáætlunarinnar frá 2003 yrði náð.

a) *Sameiginlegar viðmiðunarreglur-CFR: Megináherslan í þessari Orðsendingu frá 2004 er lögð á fyrsta lið Aðgerðaáætlunarinnar, sem miðar að því að bæta gæði og samræmingu löggjafargagna (acquis) á samningarréttarsviðinu innan ESB.*

Tilgangurinn með gerð CFR væri að búa til „verkfærakassa“ með safni reglna til að nota við gerð löggjafar innan ESB og endurbætur á löggjöf sem þegar er til staðar. Reglurnar hefðu að geyma skilgreiningar hugtaka, grundvallarreglur og fyrirmyn dir að samningaráttarreglum sem hægt væri að beita sem „verkfærum“ til að lagfæra, betrumbæta og samræma samningaráttarlega löggjöf innan ESB, þæði þá löggjöf sem þegar er til staðar en einnig þá sem samin verður í framtíðinni. Einnig mætti nota slíkar reglur til hliðsjónar fyrir löggjafa í aðildarríkjum ESB þegar ESB löggjöf er tekin upp í innlendan rétt, nota þær í gerðardómum, nota þær í innri samningum ESB við verktaka og hugsanlega gæti Evrópusöðumstóll

the revision of the acquis: the way forward, COM(2004) 651 final,” bls. 2.

<sup>99</sup> „Communication from the Commission to the European Parliament and the Council – European Contract Law and the revision of the acquis: the way forward, COM (2004) 651 final.“

inn notað þær við túlkun á löggjafargögnum ESB á svíði samningaráettar. Síðast en ekki síst er sagt að CFR reglunum mætti hugsanlega breyta í sett af stöðluðum samningsákvæðum og að þær séu líklegar til þess að verða grunnurinn í valkvæðum evrópskum samningaráettarreglum ef þær verða að veruleika.<sup>100</sup> Af þessari lýsingu Orðsendingarinnar er þarna um að ræða ESB samningaráett, eins og lýst var í upphafi þessarar greinar.

Framkvæmdastjórnin tók einnig fram hvernig haga ætti vinnu við gerð CFR. Sjötta rammaætlun ESB legði fó til rannsóknar- og þróunarverkefna í þrjú ár og að útkoman ætti að vera drög að CFR sem tilbúnar ættu að vera í árslok 2007. Ráðstefnur, stofnun og starfsemi vinnuhópa, gerð heimasiðna og skil á stöðuskýrslum Framkvæmdastjórnarinnar til Ráðsins og Pingsins væru síðan þáttur í því að ná þessu markmiði. Loks var lýst yfir að búist væri við að CFR yrðu teknar í gagnið árið 2009.<sup>101</sup>

b) Stöðluð samningsákvæði: Hvað gerð staðlaðra samningsákvæða varðar sagði Framkvæmdastjórnin að fjöldi af slikum ákvæðum væri nú þegar til og ástæða væri til að upplýsa aðildarríki betur um þau. Hugmyndir voru viðraðar um að hafa sérstakan vef til upplýsingar um slik verkefni (síðar var fallið frá þeiri hugmynd, sjá Stöðuskýrslu Framkvæmdastjórnarinnar 2005).<sup>102</sup>

c) Valkvæðar samningareglur: Varðandi almennu valkvæðu samningaráettarreglurnar þá var sérstaklega tekið fram að Framkvæmdastjórnin hefði ekki í huga að stuðla að evrópskri einkaréttarlögþók sem myndi samræma samningaráett aðildarlanda ESB. Þó væri ástæða, eins og fram hefði komið í Aðgerðaætluninni frá

2003, til að athuga hvort þörf væri á almennum evrópskum samningaráettarreglum. Nokkrum hugmyndum í því sambandi er síðan lýst í viðbæti við Orðsendinguna, m.a. varðandi stöðu þeirra innan ESB kerfisins, skuldbindingargildi, lagagrunn, efni, samspil við lagaskilareglur, gildissvið o.fl.<sup>103</sup>

#### D) Stöðuskýrsla

##### Framkvæmdastjórnarinnar 2005

Í september 2005 sendi Framkvæmdastjórnin frá sér fyrstu af árlegum stöðuskýrslum varðandi framkvæmdaætlunina fó 2004.<sup>104</sup> Í skýrslunni er lýst framgangi vinnu að CFR og hvernig þeiri vinnu er háttar, auk vinnu við endurskoðun löggjafargagna (acquis) ESB á neytendasviði. Í skýrslunni er því einnig lýst að Framkvæmdastjórnin hafi komist að þeiri niðurstöðu að ekki sé tímabært að stuðla að gerð hlutlausra staðlaðra skilmála til nota innan ESB.

##### Sameinað fræðinet á svíði evrópsks einkaréttar

Mikið starf hefur þegar átt sér stað við gerð CFR og m.a. voru haldnar ráðstefnur um það efni í desember 2004<sup>105</sup> og september 2005.<sup>106</sup> Þessir fundir og ráðstefnur voru undanfari þess að í maí 2005 var stofnað Sameinað fræðinet á svíði evrópsks einkaréttar,<sup>107</sup> sem er samstarfsverkefni sem Framkvæmdastjórnin kom á fót til að sinna fræðistörfum á þessu sviði. Tilgangur með stofnun netsins er að útbúa drög eða tillögur að CFR sem fjallað var um í Orðsendingum Framkvæmdastjórnarinnar frá bæði 2003 og 2004.

Netið samanstandur af nokkrum háskólag og fræðistofnunum, rannsóknarverkefnum

<sup>100</sup> COM (2004) 651 final, bls. 3 o.áfr., sbr. einnig COM (2003) 68 final, bls. 18.

<sup>101</sup> COM (2004) 651 final, bls. 9-13.

<sup>102</sup> COM (2005) 456 final, bls. 10-11.

<sup>103</sup> Communication from the Commission to the European Parliament and the Council – European Contract Law and the revision of the acquis: the way forward, bls. 8 og Viðbætir II. COM (2004) 651 final.

<sup>104</sup> Report from the Commission – First Annual Progress Report on European Contract Law and the Acquis Review,

COM (2005) 456 final.

<sup>105</sup> „Workshop of Member State Experts on Common Frame of Reference,” sem haldin var 3. desember 2004 og „First conference on the VFR-net,” sem haldin var 15. desember 2004.

<sup>106</sup> „Conference on European Contract Law hosted by the UK Council Presidency and the European Commission,” sem haldin var 26. september 2005.

<sup>107</sup> Á ensku „Joint Network on European Private Law.” Heimasiða verkefnisins er <http://wwwCOPECL.org/>.

og vinnuhópum, auk fjölða fræðimanna. Fjölbreytileikinn og víddin í rannsóknunum er mikil, eins og sést af því að fræðimennirnir eru frá nær öllum ESB löndunum. Stofnanirnar og verkefnin sem um ræðir eru líka af mörgum toga; „The Study Group on a European Civil Code,“ „The Research Group on the Existing EC Private Law“ (Acquis Group), „The Project Group on a Restatement of European Insurance Contract Law,“ „The Association Henri Capitant,“ „The Common Core Group,“ „The Research Group on Economic Assessment of Contract Law Rules,“ „Tilburg Law and Economics Center,“ „The Database Group“ og „The Academy of European Law.“ Með þessu er Framkvæmdastjórin in að leiða saman þá aðila sem stunda rannsóknir sem nýtast í CFR, hvort sem um er að ræða einkaaðila, sjálfstæð rannsóknarverkefni eða verkefni sem tengjast ESB. Þetta er í samræmi við yfirlýsingar Framkvæmdastjórnarinnar í Orðsendingunni frá 2003, þar sem sagt er að ætlun Framkvæmdastjórnarinnar sé að sameina og samstill a rannsóknarverkefni sem þegar eru í gangi, með stuðningi frá sjóttu rammaáætlun ESB, í stað þess að stofna til nýrra verkefna. Einungis þar sem gloppur séu í rannsóknarsviðinu verði stofnað til nýrra rannsókna.<sup>108</sup>

## 10. HVERT STEFNIR EVROPUSAMBANDIÐ?

Í allri umfjöllun um CFR og hugsanlegar evrópskar samningaráttarreglur ítrekar Framkvæmdastjórnin að skuldbindandi samræming samningaráttarreglna sé ekki á dagskrá hennar og eini tilgangurinn sé að athuga grundvöllinn og þörfina fyrir

valkvæðar samningaráttarreglur.<sup>109</sup> En af hverju er tiltekið þarna að um valkvæða lausn skuli vera að ræða? Er ESB að leggja einhverjar framtíðarlínur? Er verið að útiloka þá leið að komið verði á evrópskum samningaráttarreglum sem væru skuldbindandi fyrir ESB löndin t.d. varðandi millirikjasamninga innan Evrópu, og gæti jafnvel rutt landsbundnum samningarátti alveg til hliðar?

Af undanfarandi umfjöllun má sjá að það er umtalsverður stuðningur við samræmingu samningaráttarins í einhverju formi innan ESB sjálfs, jafnvel meiri en meðal álitsgjafanna sem fjallað var um í Orðsendingunni frá 2003. Svörin frá álitsgjöfum gefa þó óneitanlega vísbendingu um að ekki sé tímabært að huga að setningu evrópskra samningaráttarreglna. Varasamt er þó að draga of viðtækari ályktanir af þessum fyrstu viðbrögðum því í raun var ekki gerð ítarleg grein fyrir því í Orðsendingu Framkvæmdastjórnarinnar frá 2001 hvað fælist í hverjum lið fyrir sig. Í lýsingu sinni á svörum álitsgjafanna segir Framkvæmdastjórnin einnig að fjöldi þeirra hafi stungið upp á að leið IV í Orðsendingunni frá 2001 yrði athuguð frekar í samhengi við þróun sem yrði varðandi leiðir II og III.<sup>110</sup> Þá má segja að svör frá flestum ríkisstjórnum sem tjáðu sig um leið IV (að frátalinni þeirri bresku) hafi verið jákvæð gagnvart samevrópskum samningarátti sem langtíma markmiði fyrir ESB að stefna að.<sup>111</sup> Einnig er eftirtektarvert hversu jákvæðar aðrar stofnanir ESB eru varðandi setningu sameiginlegra samningaráttarreglna, eins og áður er lýst. Það kemur í rauninni á óvart hvað margir þessara aðila eru jákvæðir gagnvart samevrópskum samningarátti, því hindranirnar á vegi hans eru margar og

<sup>108</sup> COM (2003) 68 final, bls. 18.

<sup>109</sup> Sjá t.d. Communication from the Commission to the European Parliament and the Council – European Contract Law and the revision of the acquis: the way forward, bls. 8. COM (2004) 65/ final og Workshop of the Network of Member States Experts on European Contract Law, Brussels, 31 May 2005 – Summary, bls. 2.

<sup>110</sup> COM (2003) 68 final, bls. 5.

<sup>111</sup> COM (2003) 68 final, liður 4.4.1, bls. 40 o.áfr.

stórar og innleiðing evrópsks samningaráttar í landsrétt myndi áreiðanlega kosta mikil átök og verða umdeild. Hvað sem öðru liður er augljóst, og reyndar yfirlýst af hálfu Framkvæmdastjórnarinnar, að á næstu árum verður innan vélbanda ESB tekin upp einhver útgáfa af samræmdum ESB samningarátti. Eftir er hins vegar að sjá hversu viðtækur og hversu bindandi hann verður og hvort þeim reglum er raunverulega ætlað að vera til jafn takmarkaðra nota og yfirlýst er.

#### A) Valkvæðar eða bindandi evrópskar samningaráttarreglur?

Í Framkvæmdaáætlun Framkvæmdastjórnarinnar í Orðsendinguunni frá 2004 er því þó vísitandi ekki svarað hvort CFR reglurnar eigi endanlega að vera valkvæðareðabindandi. Einungis er sagt að Framkvæmdastjórnin telji á þessu stigi að CFR ættu að vera óskuldbindandi (non-binding) en að meðan á vinnu við CFR standi verði rætt við hagsmunaaðila og þessi spurning gæti komið upp síðar.<sup>112</sup> Þetta hlýtur að teljast eðlileg afstaða miðað við núverandi aðstæður, þau vandamál sem fyrir hendi eru og þær fræðilegu upplýsingar sem fyrirliggjandi eru. Það er þó athyglisvert að í fyrirsprungum á ráðstefnu um vinnuna við evrópskan samningarátt kom það fram hjá Framkvæmdastjórninni að meðal þriggja helstu rannsóknarhópanna sem eru að vinna að gerð CFR vinnur einn, s.k. „Study Group on a European Civil Code,“ fræðilegt starf sem miðar að því að til verði Lögbók Evrópu<sup>113</sup> og annar er leiddur af öðrum af aðalhoffundum PECL (sem voru eins og áður er lýst m.a. miðaðar við að vera grunnurinn að skuldbindandi evrópskum samningaráttarreglum).<sup>114</sup> Eins virðist ljóst að almennt er umtalsverður stuðningur meðal fræðimanna sem starfa

á þessu svíði við að koma á bindandi evrópskum samningarátti sem jafnvel leysti landsbundinn samningarátt af hólmi.<sup>115</sup> Það kæmi á óvart ef lögfesting skuldbindandi evrópskra samningaráttarreglna væri ekki til alvarlegrar skoðunar meðal annarra kosta í fræðilegri undirbúningsvinnu þessara aðila.

#### B) Hversu viðtækur verða samningaráttarreglur ESB?

En til viðbótar við spurningar um það hvort samningaráttur ESB verður valkvæður eða skuldbindandi vaknar upp spurning um það hversu viðfeðmur hann verður.

Rannsóknar- og fræðiverkefnin sem að ofan er lýst eru margvísleg og ólik. Sum eru þess eðlis að þau verða aldrei annað en innlegg í slíkan rétt en önnur hafa þegar lagt grunninn að heildstæðu safni evrópskra samningaráttarreglna. Það er hins vegar athugunarefni að nokkur verkefni úr síðarnefnda hópnum virðast vera af svipuðum toga, t.d. áðurnefndar PECL, Acquis-reglurnar og CFR sem öllum virðist ætlað að klekja út svipuðum meginreglum á þessu svíði.

Það er að hluta til rétt, því þessi verkefni eru á margan hátt sambærileg. En CFR verður þó viðfeðmasti reglubálkurinn, því þeim reglum er ætlað að vera í þremur mismunandi hlutum. Fyrsti hlutinn á að innihalda grundvallarreglur samningaráttar, annar hlutinn á að geyma skilgreiningar ýmissa hugtaka og þriðji hlutinn, sem er meginuppistaðan í CFR, verður lagabálkur til að nota sem fyrirmynd löggjafar á þessu svíði, hvort sem er fyrir ESB eða einstökríki.<sup>116</sup> Innan þess ramma gætu því bæði PECL og Acquis-reglurnar, sem og önnur svipuð verkefni, rúmast, allt eftir því hversu nákvæmar CFR reglurnar eiga að vera. Samkvæmt lýsingu

<sup>112</sup> Communication from the Commission to the European Parliament and the Council – European Contract Law and the revision of the aquis: the way forward, COM (2004) 651 final, bls. 5.

<sup>113</sup> Heimisíða verkefnisins er <http://www.sgecc.net/>.

<sup>114</sup> „Workshop of the network of Member State Experts on

European Contract Law, Brussels, 31 May 2005 – Summary,“ bls. 5. Meðhoffundurinn að PECL sem um ræðir er Hugh Beale.

<sup>115</sup> COM (2003) 68 final, bls. 42-43.

<sup>116</sup> COM (2004) 651 final, Viðbætur II, bls. 14.

á fyrirhuguðu innihaldi þriðja hluta CFR reglnanna þá verða þær nákvæmar.<sup>117</sup> Þær eiga að innihalda reglur um stofnun samninga, form samninga, milligöngu við samningsgerð, gildi samninga, tulkun, efni samninga og afleiðingar t.d. yfirlýsinga, skyldur við samningsgerð (t.d. um upplýsingagjöf), efndir og vanefndir samninga og viðurlög í því sambandi, reglur um fjöldasamninga, reglur um framsal samningskröfу, ákvæði um skuldara og kröfuhafaskipti, fyrningu og tómlæti, auk sérreglna um kaupsamninga og tryggingasamninga. Þótt nokkur hluti af því sem þarna er upp talið sé flokkad sem kröfuréttur í norrænum rétti þá er þetta mikilfengleg upptalning og frá íslenskum sjónarhóli séð væri akkur í því að fá svo nákvæmar reglur á þessu sviði. Gömlu góðu samningalöggin okkar hér á Íslandi hafa einungis að geyma reglur um hluta af þessum atriðum og mættu alveg við því að fá nokkrar viðbótargreinar.

### C) Reglugerð Evrópusambandsins um hvaða lög eiga að gilda um samningaráttarlegar skuldbindingar

En hvað með áðurnefndar áætlanir ESB um að taka Rómarsamninginn frá 1980 um lagaskilareglur á sviði samningaráttar upp í Reglugerð, benda þær til þess að Evrópusambandið sé andstætt gerð eða setningu samevrópskra samningaráttarreglna? Nei, sú er ekki raunin, því samkvæmt Grænbókinni um þetta efni<sup>118</sup> verður áfram þörf fyrir lagaskilareglur á þessu sviði jafnvel þótt settar verði slíkar samevrópskar reglur. Reyndar er til þess áælast að evrópskur samningaráttur og hinari nýju ESB lagaskilareglur standi samhlíða og þau geta jafnvel bætt hvort annað upp og leitt til bætrar virkni innri

<sup>117</sup> COM (2004) 651 final, Viðbæti I.

<sup>118</sup> „Green Paper on the conversion of the Rome Convention of 1980 on the law applicable to contractual obligations into a Community instrument and its modernisation. COM (2002) 654 final,” bls. 11-12.

<sup>119</sup> Sjá niðurstöður í kafla 9 hjá Ana M. López-Rodríguez: „The Rome Convention of 1980 and its Revision at the Crossroads of the European Contract Law Project.“

markaðar ESB.<sup>119</sup> Minni þörf ætti að vera fyrir lagaskilareglur en þær skipta áfram máli varðandi atriði sem hugsanlega eru ekki leyst eða tekið á af evrópsku samningaráttarreglunum.<sup>120</sup> Ef evrópsku samningaráttarreglurnar verða valkvæðar þá skipta lagaskilareglurnar augljóslega einnig máli.<sup>121</sup>

## 11. ALÞJÓÐLEGUR SAMNINGARÉTTUR

Þótt hér að ofan hafi að mestu verið rætt um samræmingarhugmyndir á sviði samningaráttar í Evrópu er vert að hafa í huga að þótt evrópskur samningaráttur í þeirri merkingu sem hér er til umfjöllunar sé alþjóðlegur samningaráttur er hann einungis afmarkaður hluti af stærri heild, þ.e. alþjóðlegum samningarátti í víðara samhengi. Að vissu leyti er sama staðan uppi á alþjóðlega sviðinu og varðandi samningaráttarreglur í Evrópu, engar almennar, samræmdar samningareglur eru í gildi sem binda samningsaðila heldur geta samningsaðilar valið sér réttarreglur til að beita í samningssambandi sínu. Ef þeir gera það getur helst komið til kasta reglna Sáttmáli Sameinuðu þjóðanna frá 1980 um samninga um sölu á vöru milli ríkja, ef viðkomandi ríki er aðili að honum og efni hans á við, en ella kemur til kasta alþjóðlegs einkamálaréttar.

### A) Sáttmáli Sameinuðu þjóðanna um samninga um sölu á vöru milli ríkja frá 1980 - CISG

Sáttmáli Sameinuðu þjóðanna um samninga um sölu á vöru milli ríkja frá 1980 (á ensku The United Nations Convention on Contracts for the International Sale of Goods

<sup>120</sup> „Communication from the Commission to the European Parliament and the Council – European Contract Law and the revision of the aquis: the way forward, COM (2004) 651 final,” bls. 18

<sup>121</sup> Sjá einnig „Communication from the Commission to the European Parliament and Council – A More Coherent European Contract Law – An Action Plan, COM (2003) 68 final,” bls. 6.

– skammstafað CISG) er án efa mikilvægasta alþjóðlega samningaráttarplaggið sem nú er í gildi.<sup>122</sup> Samningurinn er byggður á tveim fyrri sáttmálum á sama sviði og vinnu nefndar Sameinuðu þjóðanna um alþjóðlegan viðskiptarétt (á ensku United Nations Commission on International Trade Law – UNCITRAL).<sup>123</sup> Sáttmálinn samanstendur af 101 grein sem fjallar einungis um stofnun kaupsamnings og réttindi og skyldur samningsaðilanna sem þeim samningi tengast.

Ólikt PECL og UNIDROIT meginreglunum (sjá umfjöllun hér á eftir) er CISG bindandi sáttmáli. Hann gildir um samninga um alþjóðleg vörukaup þar sem samningsaðilar nír hafa aðsetur í mismunandi aðildarlöndum sáttmálans eða ef lög aðildarlands sáttmálans gilda um viðskiptin af öðrum ástæðum (sjá gr. 1). Samningsaðilar nír hafa hins vegar það val að geta útilokað gildi sáttmálans (sjá gr. 6). Sáttmálinn nær á hinn bóginn ekki til spurninga um gildi þeirra samninga sem hann á við um.

Ef samningsaðilar hafa ekki ákveðið hvaða réttarreglur eigi að gilda um samskipti þeirra og CISG á ekki við, kemur til kasta lagaskilareglina. Þá er niðurstöðan að jafnaði sú að landsréttarreglur einhvers ákveðins lands eru látnar gilda um lögskipti á grundvelli viðkomandi samnings.<sup>124</sup>

Ef samningsaðilar velja sér hins vegar þær réttarreglur sem þeir vilja að ráði um lögskipti þeirra þá eru fá takmörk fyrir því hvaða landsréttarreglur þeir geta valið sér.<sup>125</sup> Sem dæmi er hugsanlegt að velja reglur í

landi annars hvors samningsaðilans, reglur hlutlauss þriðja ríkis, velja sér staðlaðar sérreglur sem hugsanlega henta viðskiptum þeirra vel eða jafnvælt láta lögskiptin ráðast af hinum óljósa *lex mercatoria*, sem segja má að sé venjuhelgaður, alþjóðlegur verslunarréttur.<sup>126</sup> Síðasta áratuginn hefur þó einn valkostur til viðbótar verið í boði á alþjóðlega sviðinu, en það eru UNIDROIT meginreglur alþjóðlegra viðskiptasamninga.

### B) UNIDROIT meginreglur alþjóðlegra viðskiptasamninga<sup>127</sup>

Í Róm á Ítalíu er Alþjóðastofnunin um samræmingu einkaréttar (á ensku The International Institute for the Unification of Private Law – hér eftir skammstafað UNIDROIT). Stofnunin hefur í átta áratugi unnið að rannsóknum á sviði alþjóðlegs einkaréttar og samræmingar hans, m.a. með útgáfu reglna sem hugmyndin er að ríki geti tekið upp í landsrétt. Á árinu 1994 gaf stofnunin út lagabálk eða safn samningaráttarreglna, til að nota við gerð alþjóðlegra viðskiptasamninga, þ.e. UNIDROIT meginreglur fyrir alþjóðlega viðskiptasamninga,<sup>128</sup> og síðan betrumbætta útgáfu af þeim á árinu 2004.<sup>129</sup> Þær eru afrakstur verkefnis sem hófst við stofnunina á áttunda áratugnum sem hafði svipuð meginmarkmið og PECL sem aður er lýst. Tilgangur UNIDROIT reglnanna eins og hann er skýrður í formála reglnanna er að leggja til almennar reglur fyrir alþjóðlega viðskiptasamninga sem samningsaðilar beita að eigin vali í alþjóðlegum viðskiptum (og

122 Thomas Wilhelmsson: „European Contract Law Harmonization: Aims and Tools,” p. 32.

123 John O. Honnold.: „Documentary History of the Uniform Law for International Sales - The studies, deliberations and decisions that led to the 1980 United Nations convention with introductions and explanations, p. 1 ff.”

124 Sbr. örþutta umfjöllun um lagaskilareglur á sviði samningaráttar hér fyrir ofan.

125 Í einstökum lögum og lagaákvæðum eru þó ákvæði sem hindra að hægt sé að komast hjá verndarákvæðum landsréttarreglna með beitingu lagavals á sviði samningaráttar, sbr. t.d. 36. gr. d í lögum nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Einig er heimild

í lögum nr. 43/2000 um lagaskil á sviði samningaráttar til að láta hjá líða að beita reglum erlends ríkis ef þær eru augljóslega andstæðar góðum síðum og allsherjarreglu skv. íslenskum lögum.

126 Sjá t.d. Filip De Ly: International Business Law and Lex Mercatoria.

127 Á ensku „The UNIDROIT Principles of International Commercial Contracts.”

128 Reglurnar er að finna á heimasíðunni <http://www.unidroit.org/english/principles/contracts/main.htm>.

129 Michael Joachim Bonell: An International Restatement of Contract Law – the UNIDROIT Principles of International Commercial Contracts, bls. 41 oáfr.

hugsanlega einnig innanlands eftir atvikum). Reglurnar eru einnig hugsaðar sem fyrirmynnd við löggjafarvinnu á samningaráttarsviðinu, sem aðstoð við túlkun og beitingu alþjóðlegra viðskiptareglna og til að veita úrlausnir á því sviði sem reglurnar fjalla um þegar viðeigandi löggjöf dugir ekki til.<sup>130</sup>

UNIDROIT reglurnar eru að vissu marki svipaðar bæði PECL og CISG<sup>131</sup> en hafa samt ákveðna sérstöðu bæði í einkennum og markmiðum. Auk þess að tiltaka meginreglur um samninga fjalla þær um stofnun samninga, milligöngu við samningsgerð, gildi samninga, túlkun, innihald skyldna skv. samningnum, réttindi þriðja aðila, efndir, vanefndir og afsökunarástæður vegna vanefnda, riftun, skaðabætur, skuldajöfnun, framsal á kröfum og skuldaraskipti og fyrningu. PECL og UNIDROIT reglurnar eru svipaðar að því er varðar markmið, form og innihald og hafa jafnvæl að geyma mjög svipað orðaðar greinar en það sem er ólíkt í efni þeirra markast að nokkru af því að ætlað gildissvið reglnanna er ólíkt. Aðalmunurinn er að gildissvið UNIDROIT meginreglnanna er takmarkað við alþjóðlega viðskiptasamninga á meðan PECL er hægt að beita á allar tegundir samninga, þ.m.t. landsbundna neytendasamninga. Annað aðgreiningarefnir eru að svæðið sem reglurnar eiga að gilda á er ólíkt því UNIDROIT meginreglurnar eiga að gilda fyrir allan heiminn en PECL eru formlega séð takmarkaðar við landsvæði ESB.<sup>132</sup> Bæði PECL og UNIDROIT reglurnar hafa tekið upp lausnir sem beitt var í CISG,<sup>133</sup> en bæði reglusettin hafa það umfram CISG að taka á spurningum um gildi samninga.

<sup>130</sup> Varðandi bakgrunn og tilgang UNIDROIT meginreglnaðna sjá: Bonell, sama rit og hér fyrir ofan, bls. 27 o.áfr. og bls. 173 o.áfr.

<sup>131</sup> Sjá nákvæman samanburð milli UNIDROIT reglnanna og CISG í Bonell, sama rit og hér fyrir ofan, bls. 301 o.áfr. og samanburð milli UNIDROIT reglnanna og PECL í sama riti bls. 335. Sjá einnig umfjöllun um allar þessar reglur og hugsanleg áhrif þeirra á norskan rétt í Lars Marius Heggberget og Espen Nyland: „Formuleringen av internasjonale kontraktsrettslige grunnprinsipper og betyningen for norsk rett,” bls. 254 o.áfr. og 285 o.áfr.

Það má því segja að þróunin varðandi samræmingu samningaráttar í Evrópu og á alheimsvísu haldist að nokkru leytí í hendur. Sú þróun hefur leitt til þess að nú standa samningsaðilum á alþjóðlegum vettvangi til boða fleiri valkostir en aður var varðandi val á hlutlausum reglum til að beita í alþjóðlegum samningum og þeir eru þegar farnir að nýta sér þá.<sup>134</sup>

## 12. FRAMTÍÐARÁHRIF EVRÓPSKS SAMNINGARÉTTAR Á ÍSLANDI

Ahrif evrópsks samningaráttar og samningaráttar ESB sem lýst er hér á undan hljóta alltaf að ráðast af tilgangi reglnanna, gildissviði þeirra og þeim leiðum sem valdar verða til að koma þeim í gildi innan Evrópu, þ.e. hvort þær verða valkvæðar eða bindandi. Eins og lýst hefur verið hér á undan má fastlega búast við að samningaráttur ESB til nota við setningu löggjafar hjá ESB verði að veruleika innan þriggja ára. Hann mun óhjákvæmilega setja mark sitt á allar samningaráttarlegar reglur sem stafa frá ESB. Slikt mun um leið setja mark sitt á íslenskan samningarátt því eins og fjallað er um í kafla 4 hafa þær reglur sívaxandi áhrif á íslenskan samningarátt í gegnum EES löggjöf sem tekin er upp í íslenskan rétt.

Ef almennar evrópskar samningaráttarreglur verða að veruleika má einnig telja að slíkt myndi hafa veruleg áhrif á Íslandi í framtíðinni, jafnvæl þótt reglurnar yrðu valkvæðar. Slíkur lagabálkur stæði íslenskum viðskiptaaðilum, jafnt sem öðrum evrópskum aðilum, til boða sem valkostur

<sup>132</sup> Sjá Bonell: „The UNIDROIT Principles of International Commercial Contracts and the Principles of European Contract Law: Similar Rules for the Same Purposes?” bls. 238 o.áfr.

<sup>133</sup> Petta á einkum við um reglur um stofnun samnings og vanefndir, sjá Arthur Hartkamp: „Principles of Contract Law,” bls. 50.

<sup>134</sup> UNIDROIT heldur saman góðum gagnabanka, Unilex, sem er að finna á heimasiðunni <http://www.unilex.info>. Þar er að finna skrár yfir dóma og heimildir varðandi bæði UNIDROIT meginreglurnar og CISG.

við samningsgerð ef þörf er á hlutlausum reglum. Svo gæti jafnvel farið að hann yrði ráðandi varðandi alþjóðlega samninga innan EES. Mikilvægi slíkra reglna kann að verða umtalsvert því þær gætu orðið ráðandi í stórum hluta af viðskiptum margra ríkja í Evrópu. Þannig má nefna að á árinu 2003 voru 73,1% viðskipta EFTA-ríkjanna við núverandi ESB-löndin 25.<sup>135</sup> Fyrir íslenska viðskiptaaðila gætu slíkar reglur skipt enn meira máli því um 83% af íslenskum útflutningi er til Evrópulanda og um 75% af innflutningi er frá þeim.<sup>136</sup>

Ef evrópskur samningaráttur verður tekinn upp á bindandi hátt innan ESB þá gæti raunin orðið sú að hann viki landsbundnum samningarátti ESB landanna til hliðar. Þá yrði samnorræni samningarátturinn einungis í gildi á Íslandi og í Noregi. Augljóst er að slíkt myndi draga verulega úr gildi hans frá því sem nú er og þótt íslensku samningalögini gætu staðið áfram væri óneitanlega farið að þrengja verulega þeim. Við þær aðstæður hlyti að koma til athugunar að endurskoða íslenska samningaráttinn með það í huga að samræma hann evrópska samningaráttinum. Raunar kallar breytt samningaumhverfi, s.s. aukinn fjöldi neytendasamninga og notkun staðlaðra samningsskilmála, ásamt breyttri tækni nú þegar á að íslensku lögini séu endurskoðuð.<sup>137</sup> Slíkt er þó ekki tímabært að sinni og betra er að bíða átekta og sjá hvernig samræmingarstarfi á svíði evrópsks samningaráttar reiðir af áður en tekin verður ákvörðun um endurskoðun íslenska samningaráttarins.

### 13. LOKAORD

Sú þróun sem verið hefur í gangi í Evrópu varðandi samræmingu samningaráttarins er

farin að bera ríkulegan ávöxt. Til viðbótar við ómetanlegt framlag sem rannsóknar- og fræðivinnan hefur skilað til fræðilegs samningaráttar eru PECL reglurnar tilbúnar og standa viðskiptaaðilum til boða sem valkostur við val á reglum sem gilda eiga um samninga. Að öllu óbreyttu mun ESB innan þriggja ára ljúka gerð samningaráttar ESB (CFR-reglnanna) sem mun hafa bein áhrif á íslenskan samningarátt. Óvist er hvaða framtíð aðrar samræmingarhugmyndir sem í gangi eru á svíði evrópsks samningaráttar eiga fyrir sér og hvort samevrópskar samningaráttarreglur sem annað hvort yrðu eingöngu notaðar sem valkvæðar reglur í milliríkjjasamskiptum innan Evrópu eða jafnvel sem nýjar landsréttarsamningareglur hjá ESB ríkjum verða nokkurn tímann að veruleika. Þróunin virðist þó vera í þá átt að innan nokkurra ára verði einnig tilbúnar valkvæðar, almennar evrópskar samningaráttarreglur sem verða í einhverju formi tekna upp í landsrétt aðildarríkja ESB. Ef reglurnar yrðu hins vegar bindandi fyrir ESB ríkin mætti ihuga að endurskoða íslensku samningalögini til samræmis við evrópska samningaráttinn enda eru Evrópulöndin langstærstu viðskiptaaðilar Íslands.

Í öllu falli er ljóst að evrópskur samningaráttur mun halda áfram að þróast, áhrif hans innan ESB og í evrópskum viðskiptum munu fara vaxandi og að Ísland mun ekki fara varhluta af þeim áhrifum. Út frá íslenskum viðskiptahagsmunum væri æskilegt að íslenskur samningaráttur fylgdi evrópskri þróun á þessu svíði til jafns við hin Norðurlöndin og önnur ríki Evrópu.

<sup>135</sup> 44th Annual Report of the European Free Trade Association, bls. 11.

<sup>136</sup> Ísland í tölum 2005-2006, bls. 23. Tölurnar miðast við árið 2004.

<sup>137</sup> Hugmyndir um endurskoðun norrænu samningalaganna hafa af og til verið ræddar meðal norræna fræðimanna. Á

norræna lögfræðingamótinu í Reykjavík 1990 hlutu slíkar tillögur þó ekki hljómgrunn og undirtektir við slíkt yrði líklega enn minni núna þegar þrujum norrænu ríkjanna eru aðilar að ESB. Jan Ramberg: „Den nordiska avtalsrätten och utvecklingen av en europeisk avtalsrätt,” bls. 97.

## HEIMILDASKRÁ:

- Alþingistíðindi: 118. löggjafarþing 1994, þingskjal 102, 99. mál (frumv. til laga um breytinga á samningalögnum). Aðgengilegt á: <http://www.althingi.is/altext/118/s/0102.html>.
- Alþingistíðindi: 125. löggjafarþing 1999–2000, þingskjal nr. 119, 110. mál (frumvarp til laga um lausafjárkaup). Aðgengilegt á: <http://www.althingi.is/altext/125/s/0119.html>.
- Alþingistíðindi: 128. löggjafarþing 2002–2003, þingskjal 904, 556. mál (frumvarp til laga um neytendakaup). Aðgengilegt á: <http://www.althingi.is/altext/128/s/0904.html>.
- Andersen, Mads Bryde: Grundlæggende aftaleret. Kaupmannahöfn 2002.
- Andersen, Mads Bryde og Lookofsky, Joseph: „Nationale aftaleregler og EU-integration: Problemer og løsningsmodeller,“ í Ugeskrift for Retsvæsen 2002B.211.
- Acquis Group: „European Research Group on Existing Community Private Law (‘Acquis Group’) established,“ (Fréttatilkynning 15. maí 2002). 2002. Aðgengilegt á: <http://www.acquis-group.org>.
- Basedow, Jürgen: „A Common Contract Law for the Common Market,“ bls. 1169-1195 í Common Market Law Review, 33. bindi 1996.
- Bonell, Michael Joachim: „The UNIDROIT Principles of International Commercial Contracts and the Principles of European Contract Law: Similar Rules for the Same Purposes?“ bls. 229-246 í Uniform Law Review nr. 2, 1996.
- Bonell, Michael Joachim: An International Restatement of Contract Law – the UNIDROIT Principles of International Commercial Contracts. Bandaríkin 2005.
- Bussani, Mauro og Mattei, Ugo (ritstj.): Making European Law - Essays on the ‘Common Core’ Project. Trento 2000.
- Bussani, Mauro og Mattei, Ugo: „The Common Core Approach to European Private Law“ bls. 339-356 í Columbia Journal of European Law, 3. bindi, 1997/1998.
- Bussani, Mauro: „Integrative‘ Comparative Law Enterprises and the Inner Stratification of Legal Systems,“ bls. 85-99 í European Review of Private Law, 8. hefti nr. 1, 2000.
- Castronovo, Carlo: „Contract and the Idea of Codification in the Principles of European Contract Law,“ bls. 109-124 í Festskrift til Ole Lando - Papers dedicated to Ole Lando - Den 2. september 1997 (Andersen, Lennart Lynge; Fejø, Jens & Nielsen, Ruth (ritstj.)). København 1997.
- Coing, Helmut: „European Common Law: Historical Foundations,“ bls. 31-44 í New Perspectives for a Common Law of Europe, (Cappelletti, Mauro (ritstj.)). Firenze 1978.
- Collins, Hugh: „European Private Law and the Cultural Identity of States“ bls. 362 o.áfr. „European Private Law and the Cultural Identity of States“ bls. 353-365 í European Review of Private Law, 3. bindi 1995.
- Collins, Hugh; Fabre-Magnan, Muriel, o.fl: „Editorial,“ bls. 1 í European Review of Contract Law, 1. tbl. 2005.
- Communication from the Commission to the Council and the European Parliament on European Contract Law. COM(2001) 398 final.
- Communication from the Commission to the European Parliament and the Council – A More Coherent European Contract Law – An Action Plan, COM (2003) 68 final.
- Communication from the Commission to the European Parliament and the Council – European Contract Law and the revision of the aquis: the way forward, COM (2004) 651 final.

- David, René: „The International Unification of Private law,“ í *International Encyclopedia of Comparative Law*, II. bindi, 5. kafli. Tübingen/Paris/New York, 1971.
- EFTA: 44th Annual Report of the European Free Trade Association (2004). Genf/Brussel 2005.
- European Review of Private Law, 5. bindi nr. 4, 1997.
- Eyvindur G. Gunnarsson: „Lagaskil á sviði samningaráettar“ í 2. hefti *Tímarits lögfræðinga* 2003, bls. 137 - 198.
- Gandolfi, G.: „Una proposta di rilettura del quarto libro del codice civile nella prospettiva di una codificazione europea,“ bls. 217-222 í *Rivista Trimestrale di Diritto e Procedura Civilie* 1989.
- Gerven, Walter van: „Casebooks for the common law of Europe - Presentation of the Project,“ bls. 67-70 í *European Review of Private Law*,tbl. 4, 1996.
- Gerven, Walter van: „Codifying European Contract Law: Top down and bottom up,“ bls. 405 o.áfr. í *An Academic Green Paper on European Contract Law* (Grundmann, Stefan og Stuyck, Jules (ritstj.). Hague 2002).
- Gerven, Walter van: „ECJ case-law as a means of unification of private law?“ bls. 293-308 *European Review of Private Law*, 2. bindi 1997.
- Green Paper on the conversion of the Rome Convention of 1980 on the law applicable to contractual obligations into a Community instrument and its modernisation, COM (2002) 654 final.
- Grundmann, Stefan og Stuyck, Jules (ritstj.): *An Academic Green Paper on European Contract Law*. Hague 2002.
- Hagstofa Íslands: Ísland í tölum 2005-2006. Reykjavík 2005. Aðgengilegt á <http://www.hagstofa.is>.
- Hartkamp, Arthur: „Principles of Contract Law,“ bls. 37-50 í *Towards a European Civil Code*, (Hartkamp, A.S.; Hesselink, M.W.; Hondius, Ewoud; du Perron, C.E.; Vranken, J.B.M. ritstj.). Dordrecht/Boston/London 1994.
- Håstad Torgny „En europeisk civillag och den nordiska kontraktsrätten,“ bls. 341-366 í *Förhandlingarna vid det 36. nordiska juristmötet i Helsingfors 15-17 august 2002. Jyväskylä* 2002.
- Heggberget, Lars Marius og Nyland, Espen: „Formuleringen av internasjonale kontraktsrettslige grunnprinsipper og betyningen for norsk rett,“ bls. 251 o.áfr. í *Tidsskrift for Retsvæsen* 2000.
- Hondius, Ewoud: „Towards a European Civil Code: the debate has started,“ bls. 455-464 í *European Review of Private Law*, 5. hefti nr. 4, 1997.
- Honnold, John O.: *Documentary History of the Uniform Law for International Sales - The studies, deliberations and decisions that led to the 1980 United Nations convention with introductions and explanations*. Holland 1989.
- Justice Home Affairs and Civil Protection - 2385th Council Meeting – Brussels, 16 Növember 2001. 13758/01 (Presse) 409. Aðgengilegt á <http://ue.eu.int/Newsroom>.
- Kötz, Hein og Flessner, Axel: *European Contract Law – Vol. I: Formation, Validity and Content of Contracts; Contract and Third Parties*. Oxford 1997.
- Lando, Ole: „Unfair Contract Clauses and a European Uniform Commercial Code,“ bls. 267-288 í *New Perspectives for a Common Law of Europe*, (Cappelletti, Mauro ed.). Firenze 1978.

- Lando, Ole: „Optional or Mandatory Europeanisation of Contract Law,“ bls. 59-69 í European Review of Private Law, 8. hefti nr. 1, 2000.
- Lando, Ole: „Some Features of the Law of Contract in the Third Millennium,“ bls. 343-402 í 40. bindi Scandinavian Studies in Law, 2000.
- Lando, Ole: „Why Codify the European Law of Contract?“ pp. 525-536 í European Review of Private Law, 5. hefti nr. 4, 1997.
- Larouche, Pierre: „Jus Commune Casebooks for the Common Law of Europe: Presentation, Progress, Rationale,“ bls. 101-109 í European Review of Private Law, 8. hefti nr. 1, 2000.
- López-Rodríguez, Ana M.: „The Rome Convention of 1980 and its Revision at the Crossroads of the European Contract Law Project,“ bls. 167-191 í 2. tbl. European Review of Private Law, 2004.
- Lurger, Birgitte: *Vertragliche Solidarität - Entwicklungs chance für das allgemeine Vertragsrecht in Österreich und in der Europäischen Union*. Baden-Baden 1998.
- Ly, Filip De: International Business Laws and Lex Mercatoria. Amsterdam/London/New York/Tokyo 1992.
- Madsen, Palle Bo: „Scandinavian Contract Law within the EEC,“ bls. 107-120 í Perspectives of Critical Contract Law, (Wilhelmsson, Thomas (ritstj.)), England 1993.
- Matthías Geir Pálsson: Unfairness in European Contract Law and International Trade Contracts, (óutgefín) Ph.D. ritgerð, European University Institute, Flórens, 2001.
- McGregor, Harvey: Contract code drawn up on behalf of the English law Commission. Milano 1993. Opinion of the Economic and Social Committee on the Communication to the Council and the European Parliament on European contract law, ECOSOC INT/II/7 European Contract Law, OJ C 241, 7.10.2002, bls. 1.
- Páll Sigurðsson: Samningaráttur. Reykjavík 1987.
- Páll Sigurðsson: „Þróunardráttir í samninga- og kröfurétti, einkum frá fjölpjóðlegu sjónarhorni,“ bls. 59-72 í Úlflijótur, 1. tbl. 2003.
- Presidency Conclusion, Tampere European Council 15 and 16 October 1999, SI (1999) 800.
- Principles of European Contract Law-Part I: Performance, Non-Performance and Remedies. (Lando, Ole og Beale, Hugh (ritstj.)). Dordrecht 1995.
- Principles of European Contract Law – Parts I and II combined and revised. (Lando, Ole og Beale, Hugh (ritstj.)) Hague 2000.
- Principles of European Contract Law – Part III. (Lando, Ole o.fl (ritstj.)) Hague 2003.
- Proposal for a Regulation of the European Parliament and the Council on the law applicable to contractual obligations (Rome I), COM (2005) 650 final.
- Quigley, Conor: European Community Contract Law – The Effect of EC Legislation on Contractual Rights, Obligations and Remedies, bindi I. London/The Hague/Boston 1997.
- Ramberg, Jan: „Den nordiska avtalsrätten och utvecklingen av en europeisk avtalsrätt,“ bls. 97 o.áfr. í Forhandlingerne ved det 35. nordiske juristmøde i Oslo 18-20 august 1999. Oslo 2000.
- Report from the Commission – First Annual Progress Report on European Contract Law and the Acquis Review, COM (2005) 456 final.
- Resolution 26 May 1989, Official Journal C 158, 26.6.1989, bls. 400.
- Resolution of 6 May 1994, Official Journal C 205, 25.7.1994, bls. 518.

- Resolution on the approximation of the civil and commercial law of the Member States.  
COM (2001) 398 final – C5-0471/2001 – 2001/2187 (COS), OJ C140E, 13.6.2002, bls. 538, sbr. einnig Report A5-0384/2001 (M. Lehne).
- Rosett, A.: "UNIDROIT Principles and Harmonization of International Commercial Law: Focus on Chapter Seven," bls. 441-450 í Uniform Law Review, 3. tbl. 1997.
- Schulte-Nölke, Hans; Schulze, Reiner og Bernardeau, Ludovic (ritstj.): European Contract Law in Community Law. Köln 2002.
- Viðar Már Matthiasson: „Er vist að loforð sé ennþá loforð? Hugleiðingar um skuldbindingargildi loforða,“ bls. 591-610 í Afmælisrit – Þór Vilhjálmsson sjötugur 9. júní 2000. Reykjavík 2000.
- Wilhelmsson, Thomas: „European Contract Law Harmonization: Aims and Tools,“ bls. 23-44 í Tulane Journal of International and Comparative Law, 1. bindi, 1993.
- Wilhelmsson, Thomas; „Europeiseringen av privaträtten: för ett fragmenterat utbyte av erfarenheter,“ bls. 1-32 í Tidsskrift for Retsvæsen 2001.
- Workshop of the network of Member State Experts on European Contract Law, Brussels, 31 May 2005 – Summary. Aðgengilegt á:  
[http://europa.eu.int/comm/consumers/cons\\_int/safe\\_shop/fair\\_bus\\_pract/cont\\_law/experts\\_membstates3105\\_en.pdf](http://europa.eu.int/comm/consumers/cons_int/safe_shop/fair_bus_pract/cont_law/experts_membstates3105_en.pdf)

### *Heimasiður*

Acquis-verkefnið: [www.acquis-group.org](http://www.acquis-group.org)

Commission on European Contract Law:

[http://frontpage.cbs.dk/law/commission\\_on\\_european\\_contract\\_law/](http://frontpage.cbs.dk/law/commission_on_european_contract_law/)

Ius Commune Casebooks for the Common Law of Europe:

<http://www.law.kuleuven.be/casebook/>

Joint Network on European Private Law: <http://www.copecl.org/>.

SECOLA verkefnið: [www.secola.org](http://www.secola.org)

Study Group on a European Civil Code: <http://www.sgecc.net/>

The Common Core of European Private Law verkefnið:

<http://www.jus.unitn.it/dsg/common-core/>

UNIDROIT gagnabankinn: <http://www.unilex.info>.

UNIDROIT meginreglurnar:

<http://www.unidroit.org/english/principles/contracts/main.htm>